

# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 1. TBL. 18. ÁRG. 2012



„SÁ SEM TAPAR MÁLI Í ÖLLU VERULEGU SKAL AÐ JAFNAÐI DÆMDUR THL AÐ GREIÐA GAGNAÐILA SÍNUM MÁLSKOSTNAÐ“.

MÁLKOSTNAÐAR-  
ÁKVARÐANIR  
DÓMSTÓLA



DÓMAR HÆSTARÉTTAR Í  
GENGISTRYGGINGAR-  
MÁLUM



## Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Brynjar Níelsson: Pistill formanns	10

## Umfjöllun

Árni Helgason: Úttekt á viðhorfum til málskostnaðarákvarðana dómstóla	6
Berglind Svavarsdóttir: Misræmi milli dómara	8
Lára V. Júlíusdóttir: Vantar fyllri rökstuðning á málskostnaðarákvörðunum dómara	8
Kristján B. Thorlacius: Ríkið sjálft með mun hærra tímagjald	8
Viðtal við Símon Sigvaldason: Ákvörðun málskostnaðar órjúfanlega tengd niðurstöðu máls	9
Ingvi Snær Einarsson: Ráðagerð um skattalagabrot	16

## Aðsent efni

Alda Hrönn Jóhannsdóttir: Kostir þess að vera í Stéttarfélagi lögfræðinga	20
Guðrún Sesselja Arnardóttir: Trúnaðarsamband sakbornings og verjanda	22
Einar Hugi Bjarnason: Hugleiðingar um dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 600/2011	25
Helgi Sigurðsson: Dómar Hæstaréttar í gengistryggingarmálum	27

## Á léttum nótum

Jólasnafsmótið 2011: Kvenþjóðin brýst fram á sjónarsviðið	14
Ritstjóri kveður	17
Nýr starfsmaður á skrifstofu LMFÍ	17
Af Merði lögmanni	18

---

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:  
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:  
Haukur Örn Birgisson hrl.,  
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl.,  
Þyri Halla Steingrímsdóttir hdl. og  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Brynjar Níelsson hrl., formaður  
Jónas Þór Guðmundsson hrl.,  
varaformaður  
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri  
Borgar Þór Einarsson hdl. ritari  
Óskar Sigurðsson hrl. meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari  
Anna Lilja Hermannsdóttir, lögfræðingur

FORSÍÐUMYND:  
Eyrún Ingadóttir

Blaðið er sent öllum félagsmönnum

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689

---



Með lögum skal land byggja  
– okkar hlutverk er að tryggja.

## Starfsábyrgðartrygging VÍS

VÍS býður lögbundna starfsábyrgðartryggingu auk annarra trygginga sem henta starfsemi lögfræðinga. Einnig býður VÍS fjölbreytt úrval trygginga fyrir einstaklinga og hvers kyns fyrirtæki.

[Þú færð nánari upplýsingar á næstu þjónustuskrifstofu eða hjá þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.](#)



# SEGJUM „JÁ EN“ HEIMSPEKINNI STRÍÐ Á HENDUR

ATBURÐIR OG UMRÆÐA síðustu daga og vikna, í kjölfar fólkskulegrar og hörmulegrar árásar á starfsmann lögmannsstofu, hafa vakið marga, bæði lögmennt og aðra, til umhugsunar. Árásin vekur óhug og hugurinn er hjá fórnarlambinu, fjölskyldu, vinum og samstarfsfólki.

Sú spurning vaknar í kjölfarið hvernig svona getur gerst og hvort breyting sé að verða á okkar þjóðfélagi. Eitt af því besta og virðingarverðasta við íslenskt samfélag hefur löngum verið að þrátt fyrir að erfiðleikar hafi dunið á og átök hafi geisað hefur ofbeldi aldrei verið meðal þeirra meðala sem beitt er í slíkri baráttu. Þannig hafa tiltekna stéttir eða hópar almennt ekki þurft að sæta því að verða fyrir árásum eða hótunum annarra. Þetta er merki um heilbriggt hugarfar og hefur ákveðna tengingu við lög og rétt, þ.e. að deilur á milli manna verða leystar friðsamlega fyrir dómstólum, samkvæmt lögum og reglum en ekki með hnefarétti fyrir dómstóli götunnar.

Því miður eru vísbendingar um breytingar séu að verða og að þetta hugarfar sátta og friðsamlegra úrlausna sé á undanhaldi. Ekki er hægt að loka augunum fyrir því að þessi hörmulegi atburður er ekki einangrað tilvik, þótt afleiðingar þeirra atburða sem á undan

komu hafi sem betur fer ekki verið jafnalvarlegar. Þessi atvik, sem upp hafa komið undanfarin misseri, eiga það sameiginlegt að fórnarlambið hafði þau einu tengsl við gerandann að sinna tilteknu starfi. Ekki hafa öll slík atvik ratað í fjölmiðla en dæmin eru orðin of mörg.

Í kjölfar árásarinnar í byrjun mánaðarins varð þeirra tilburða vart úr ýmsum áttum að reyna að útskýra verknaðinn og setja hann í samhengi við eitt og annað. Slíkur málflutningur, þótt hann kunni að vera varfærnislega orðaður, er hættulegur, enda heyrja þeir, sem hyggja á eitthvað misjafnt, útskýringar betur en fordæmingu.

Ofbeldi í hvaða mynd sem það birtist er óþolandi og óverjandi. Líkt og arfinn, sem vex ef ekkert er að gert, þrífst ofbeldið best í aðgerðarleysi og andrúmslofti þar sem flestir þegja og fæstir þora að andmæla. Það er brýnt og skiptir öllu máli að hegðun sem þessi sé fordæmd, án nokkurra fyrirvara eða réttlættinga og að „já en“ heimspekinni verði sagt stríð á hendur.

## Ný ritnefnd

Þetta blað er fyrsta tölublað nýrrar ritnefndar Lögmannablaðsins og er fyrri ritnefnd og ritstjóra þökkud góð störf.

Lögmannablaðið hefur skipað sér sess meðal lögmannna sem vettvangur fyrir skoðanaskipti, greinaskrif og frásagnir af því góða starfi sem Lögmannafélagið og aðrir á vegum lögmannna vinna og vill ný ritnefnd halda áfram á sömu slóðum.

Meðal efnis í blaðinu nú eru greinar um nýgenginn dóm Hæstaréttar um vaxtaákvörðun á lánum sem hefur þurft að endurreikna vegna ólögmætrar gengistengingar og umfjöllun um dóm Hæstaréttar í máli nr. 445/2011 þar sem reyndi á tiltekin grundvallaratriði í sambandi verjanda og sakbornings. Auk þess er ítarleg umfjöllun um málskostnaðarákvarðanir dómstóla, þar sem leitað er eftir sjónarmiðum lögmannna og dómara, en af hálfu þeirra lögmannna sem rætt var við er sett fram gagnrýni á ákvarðanir um málskostnað, sem þykja í mörgum tilfellum óljósar og lítt rökstuddar. Málið er þó ekki einfalt en ljóst er að ef verulegt misræmi er á milli ákvarðana dómstóla um málskostnað til þess sem hefur betur í dómsmáli og þess kostnaðar sem sannarlega fellur til vegna málarekstursins, getur það haft þau áhrif að fæla einstaklinga frá því að leita réttar síns.

# MEISTARANÁM Í LÖGFRÆÐI VIÐ LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK



- Rannsóknartengt 2ja ára meistaranám til ML-gráðu.
- Nemendur sem hafa lokið grunnnámi í lögfræði geta lokið fullnaðarprófi í lögfræði með meistaranáminu.
- Markmið námsins er að þjálfra og hvetja nemendur til greinandi og gagnrýnninnar hugsunar og vísindalegra vinnubragða.
- Einstaklingsbundin námsáætlun.
- Helstu einkenni námsins eru mikið val um áherslur og námsleiðir og margvíslegir möguleikar á sérhæfingu innan lögfræði og samþættingu við aðrar greinar.
- Gefinn er kostur á að ljúka meistaranámi á alþjóðasviði.

## NÁMIÐ HENTAR EKKI AÐEINS ÆM EINSTAKLINGUM SEM LOKIÐ HAFU GRUNNNÁMI Í LÖGFRÆÐI HELDUR EINNIG ÆM SEM HAFU HÁSKÓLAPRÓF Í ÖÐRUM GREINUM.

Umsóknarfrestur um inngöngu í meistaranámið haustið 2012 er til og með **30. apríl**.

Hægt er að nálgast nánari upplýsingar um meistaranámið í kennsluskrá á vef lagadeildar Háskólans í Reykjavík: [www.lagadeild.is](http://www.lagadeild.is)

## YFIRLIT YFIR KJÖRGREINAR OG MÁLSTOFUR 2012–2014

HAUSTÖNN 2012	
KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Advanced Legal English	Erlendína Kristjánsson
Afbrotfræði	Svala Ísfeld Ólafsdóttir
Alþjóðaviðskipti	Þórdís Ingadóttir og James H. Mathis
Barnaréttur	Davíð Þór Björgvinsson
European Law: Internal market	Gunnar Þór Pétursson
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
Hjúskapar- og sambúðarréttur	Dögg Pálsdóttir
Málstofa í bótarétti	Þóra Hallgrímsdóttir
Málstofa í fjölmíðlarétti	Páll Þórhallsson
Málstofa um alþjóðlega mannréttindavernd	Oddný Mjöll Arnardóttir
Réttarsaga	Magnús K. Hannesson
Skuldaskilaréttur	Steinn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður D. Valdimarsdóttir
Stjórnsýsluréttur II	Margrét Vala Kristjánsdóttir
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition I (fyrrí hluti)	Þórdís Ingadóttir
Umhverfisréttur	NN
Vinnuréttur	Bergþóra Ingólfssdóttir
ML ritgerð	Ýmsir
Starfsnám	

HAUSTÖNN 2013	
KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Afbrotfræði	Svala Ísfeld Ólafsdóttir
Alþjóðleg lausafjárkaup	Þórður S. Gunnarsson
Alþjóðlegir og innlendir fjármögnunarsamningar	Guðmundur Ingvi Sigurðsson
Alþjóðlegur skattaréttur II	Gunnar Gunnarsson og Ágúst Karl Guðmundsson
Fullnusturéttarfar	Feldis Lilja Óskarsdóttir
Gagnaöflun og málfutningur í einkamálum	Sigurður Tómas Magnússon og María Ellingsen
International and European Energy Law - íslenskur orkuréttur	Catharine Banet og Kristín Haraldsdóttir
Kaup á fyrirtækjum/samruni og áreiðanleikakannanir	Ólafur F. Haraldsson, Garðar G. Gíslason og Kristín Edwald
Lagasætning	Páll Þórhallsson
Legal English	Erlendína Kristjánsson
Mannréttindasáttmáli Evrópu	Oddný Mjöll Arnardóttir
Málstofa í stjórnskipunarétti og stjórnskipunarsögu	Ragnhildur Helgadóttir
Neytendamarkaðsréttur	Gísli Tryggvason
Sjó- og flutningaréttur	Einar Baldvin Axelsson
Verktaka- og útboðsréttur	Erlendur Gíslason, Jón E. Malmquist og fl.
Wilhelm C. Vis Commercial Arbitration Moot (fyrrí hluti)	Garðar Víðir Gunnarsson
ML ritgerð	Ýmsir
Starfsnám	

VORÖNN 2013	
KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Aðferðafræði III, hagnýt réttarheimspeki	Davíð Þór Björgvinsson og Milosz M. Hodun
Alþjóðadómstólar og fríðsamlegar úrlausnir í deilumálum	Þórdís Ingadóttir og Ruth Mackenzie
Alþjóðlegur skattaréttur I	Gunnar Gunnarsson og Ágúst Karl Guðmundsson
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
European Law: State Aid and Competition	Dóra Sif Tynes
Evrópskur félagaréttur	Hallgrímur Ásgeirsson
Hagnýtur samningaréttur	Þórður S. Gunnarsson, Aðalsteinn Leifsson og Hafliði Kristján Lárusson
Law, Social Policy and Children's Rights	Brian Gran
Málstofa í auðlindarétti - frá hugmynd til framkvæmdar	Kristín Haraldsdóttir og Elín Smáradóttir
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Málstofa um hugverkaréttindi í alþjóðlegum viðskiptum og samninga þeim tengdum	Hafliði Kr. Lárusson
Málstofa í stjórnsýslurétti	Margrét Vala Kristjánsdóttir
Ofbeldis- og fikniefnabrot	Svala Ísfeld Ólafsdóttir
Sókn og vörn í sakamálum	Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir og Björn L. Bergsson
The Philip C. Jessup International Law Moot Court Competition II (síðari hluti)	Þórdís Ingadóttir
Úrlausn ágreiningsmála ( m.a. fyrir dómstólum og stjórnvöldum)	Arnar Þór Jónsson
Vátryggingaréttur	Þóra Hallgrímsdóttir
ML ritgerð	Ýmsir
Starfsnám	

VORÖNN 2014	
KJÖRGREINAR/MÁLSTOFUR	KENningarAR
Alþjóðlegur einkamálaréttur, lagaskil á sviði samningaréttar	Herdís Hallmarsdóttir og fl.
Alþjóðlegur refsiréttur	Þórdís Ingadóttir
Auðgunar- og efnahagsbrot	Sigurður Tómas Magnússon og Björn Þorvaldsson
Auðlindaréttur	Kristín Haraldsdóttir
Comparative Law	Ragnhildur Helgadóttir og Milosz M. Hodun
European Constitutional law	Gunnar Þór Pétursson
European law: Financial services	Hallgrímur Ásgeirsson
Heilbrigðisréttur	Dögg Pálsdóttir
Kauparéttur	Jónas Þór Guðmundsson
Málstofa um evrópskan samningarétt	Matthías G. Pálsson
Málstofa í almannatryggingarétti	Guðmundur Sigurðsson
Réttarsálfraeði	Jón F. Sigurðsson, Anna K. Newton og Gísli Guðjónsson
Skuldaskilaréttur	Steinn H. Guðbjartsdóttir og Valgerður D. Valdimarsdóttir
Sókn og vörn í sakamálum	Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir og Björn L. Bergsson
Vörumerkjaréttur	Ásdís Magnúsdóttir
Wilhelm C. Vis Commercial Arbitration Moot (síðari hluti)	Garðar Víðir Gunnarsson
ML ritgerð	Ýmsir
Starfsnám	



## Úttekt á viðhorfum til málskostnaðarákvarðana dómstóla Kallað eftir skýrari rökstuðningi dómara

**ÁKVARÐANIR UM MÁLSKOSTNAÐ** í dómsmálum eru mikilvægur en lítt sýnilegur hluti dómsmála. Lögmenn sem Lögmannaþingi ræddi við gagnrýna hvernig dómstólar taka ákvarðanir um málskostnað, að þær séu oft lítið sem ekkert rökstuddar og bæti alls ekki alltaf þann kostnað sem sannarlega hlýst af málum. Það leit að einnig eftir afstöðu formanns dómstólaráðs til málsins.

Grundvallarregla um málskostnaðarákvarðanir dómstóla kemur fram í 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 en þar segir að sá „sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnadila sínum málskostnað“. Reglan er því skýr en eftirlætur dómara þó ákveðið svigrúm til að meta, s.s. um það hvenær mál tapast „í öllu verulegu“ auk þess sem ákvæði kveður á um að þá skuli málskostnaður „að jafnaði“ falla á þann aðila sem tapar.

### Óljósar forsendur

Þeir lögmenn sem blaðið hefur rætt við voru á einu máli um að ákvarðanir samkvæmt þessari grein væru að jafnaði lítið sem ekkert rökstuddar og að oft væri erfitt að átta sig á því hvaða forsendur dómara legðu til grundvallar við ákvarðanir sínar. Mörg dæmi eru um ákvarðanir sem ganga þvert á reglu einkamálalaga, þar sem t.d. málskostnaður er látinn niður falla þrátt fyrir að úrslit málsins séu afgerandi. Þótt sanngirnisjónarmið kunní að leiða til slíkrar niðurstöðu í ákveðnum tilfellum sakna þeir lögmenn sem rætt var við rökstuðnings og forsendna dómara við slíkar ákvarðanir. Sérstaklega vekja ákvarðanir um að fella niður málskostnað furðu í málum þar sem aðstöðumunur er á milli aðila, t.d. ef einstaklingur fer í mál við fjármálafyrirtæki eða tryggingarfélag og tekin er ákvörðun um að málskostnaður falli niður.

### Tímaskýrslur mikilvægar en engin trygging

Almennt notast lögmenn við tímaskýrslur til að gera grein fyrir kostnaði sínum og leggja fram við aðalmeðferð en þeir sem rætt var við sögðu mörg dæmi um að dómari dæmi ekki málskostnað í samræmi við skýrslurnar, heldur taki ákvörðun um mun lægri kostnað. Slíkar ákvarðanir séu teknar jafnvel þótt gagnadili hafi ekki gert athugasemdir við tímaskýrslu eða farið fram á að málskostnaður verði lækkaður. Nokkrir þeirra sem blaðið ræddi við nefndu þá tilfinningu sína að um 50-75% kostnaðar við málarekstur fengist að jafnaði bættur með málskostnaðarákvörðun dómara, þótt tekið sé fram að engar nákvæmar úttektir hefðu verið gerðar á þessum atriðum á viðkomandi lögmennsstofum. Að sama skapi lá ekki skýrt fyrir á hvaða forsendum málskostnaðurinn væri lækkaður af hálfu dómara, þ.e.

hvort það væri vegna þess að tímafjöldi samkvæmt skýrslu væri endurskoðaður af dómara eða tímagjald.

Fram kom hjá lögmannunum að ákvarðanirnar væru misjafnar eftir dómurum og sögðust sumir greina meiri skilning á málskostnaðarkröfum lögmanna þegar dómurinn hefði sjálfur unnið við lögmannsstörf áður. Sá skilningur gæti til dæmis lýst sér í því að sú tala sem ákveðin rennur ekki beint í vasa lögmannsins heldur hefur hann umtalsverðan kostnað sem þarf að greiða vegna reksturs og upphæðin sem hann fær því í raun öllu lægri.

## Misjöfn staða eftir réttarsviðum

Á ákveðnum sviðum eru reglur um málskostnaðarákvarðanir. Þetta á t.d. við um störf verjenda, sem vinna samkvæmt taxa dómstólaráðs, en hann er ákveðinn kr. 10.000,- á tímann. Sú ákvörðun var tekin árið 2008 og hefur talan ekki verið hækkuð síðan, þrátt fyrir að verðlag í þjóðfélaginu og taxti lögmanna hafi hækkað töluvert á sama tíma og að þessi tala hafi raunar verið í lægri kantinum þegar hún var ákveðin. Ljóst er að verulegur munur er orðinn á tímagjaldi lögmanns, sem sérhæfir sig í sakamálum annars vegar og selur því tíma sína samkvæmt þeim taxa og hins vegar lögmanns sem vinnur samkvæmt algengu tímagjaldi á lögmannsstofum í dag, sem er frá 18 – 22 þúsund krónur á tímann. Líkt og Símon Sigvaldason, formaður dómstólaráðs, bendir á í viðtali í blaðinu má þó á móti horfa til þess að laun verjenda í sakamálum eru greidd úr ríkissjóði og greiðslur því öruggari en annars.

## Málarekstri fylgir áhætta

Símon bendir á að mat dómara verði að ráða við málskostnaðarákvarðanir og að á þeirri stundu liggi ekki fyrir hvernig uppgjöri lögmannsins og aðilans verði á endanum háttáð. Þá liggi að baki málskostnaðarákvörðun í einkamáli tiltekin áhættusjónarmið.



Þannig megi sá sem stundi viðskipti á ákveðnu sviði, eða hafi tiltekna atvinnustarfsemi með höndum, reikna með því að til útgjalda kunni að koma vegna atvinnuþátttökunnar sem hann fái ekki að fullu bætt. Símon segir að kostnaður vegna starfa lögmanns sé þar á meðal, hvort sem hann tengist ákveðnu dómsmáli eða ekki. Hann tekur einnig fram að mikilvægi tímaskýrslna sé ótvírætt og að allajafna sé ekki tilefni til að draga í efa að slíkar skýrslur séu sannleikanum samkvæmt. Hann tekur fram að ef efasemdir vakni hjá dómara sé eðlilegt að kalla eftir skýringum frá aðila.

## Ósamræmi getur fælt frá

Í þessari samantekt er leitast við að fá fram sjónarmið lögmanna annars

vegar og dómstóla hins vegar varðandi þessi atriði. Ljóst er að ákvörðun málskostnaðar er mikilvægur hluti af dómsmáli, einkum ef hagsmunirnir sem eru undirliggjandi eru ekki þeim mun meiri, enda getur hæglega komið upp sú staða að sigur í málinu sjálfu núllast í raun út ef málskostnaður fæst ekki bættur. Jafnvel getur það gerst að viðkomandi tapi á því að hafa farið af stað í málinu til að byrja með. Það er mikilvægt að atriði sem þessi séu til skoðunar. Þótt vissulega felist alltaf í því áhætta að reka dómsmál má ljóst vera að misræmi í málskostnaðarákvörðunum og úrslitum dómsmála getur valdið því að einstaklingar hugsi sig tvisvar um áður en þeir leita réttar síns.

ÁH

## Petta segja lögmennt um málskostnaðarakvarðanir dómstóla



LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR HRL.

### Vantar fyllri rökstuðning á málskostnaðarakvörðunum dómara

Mér virðist það nokkuð tilviljanakennt hvort ákvörðun dómstóla er að endurspegla kostnað við einkamál. Ég vinn mikið með gjafsóknarmál, bæði forsjármál og barnaverndarmál, og dómara telja rétt að miða við ákvörðun dómstólaráðs varðandi tímagjald. Í slíkum málum er langt því frá að ákvörðun dómstóls endurspegli kostnað. Þessu þarf augljóslega að breyta og gæta þess að eitthvert jafnræði sé með þeim sem þurfa á gjafsókn að halda og öðrum. Haldi svo fram sem horfir munu lögmennt í auknum mæli koma sér hjá að vinna í slíkum málum og þeir sem þurfa á gjafsókn að halda geta ekki valið milli lögmanna. Oft hef ég spurt mig þeirrar spurningar eftir mikla vinnu í gjafsóknarmáli og ákvörðun þóknunar, sem einungis nær til hluta málsins, hver eigi svo að borga muninn.

Mín reynsla er sú að því nákvæmari sem tímaskýrsla er því meiri líkur eru á að tekið sé tillit til hennar fyrir dómi. Mér finnst þetta atriði hafa breyst til batnaðar á undanförunum árum. Það er þó yfirleitt þannig að eitthvað er klípið af, án þess að nokkur rökstuðningur fylgi.

Þar sem ákvörðun dómara um málskostnað er yfirleitt ógagnsæ vekur það sífellt upp hugrenningar um að munur kunnir að vera milli réttarsviða, hvort um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða, hvort ákveðnir lögmennt njóti sérstakrar velvildar dómara og jafnvel hvort dómara líti til kynferðis lögmanna. Með fyllri skýringum og rökstuðningi á málskostnaðarakvörðunum dómara er hægt að eyða svona vangaveitum.



BERGLIND SVAVARSDÓTTIR HRL.

### Misræmi milli dómara

Það er mismunandi eftir dómurum hvort þeir taki fullt tillit til tímaskýrslna lögmanna og það er mín tilfinning að þeir dómara sem hafa sjálfir stundað sjálfstæðan rekstur hafi meiri skilning á málskostnaðarreikningum lögmanna en hinir. Ég man til dæmis eftir tveimur dómum frá mismunandi dómstólum er varðar vefengingu á faderni. Báðir dómara tóku tímaskýrslur til greina en annar á tímagjaldi lögmannsins á meðan hinn virðist hafa miðað við kr. 10.000,- tímagjald. (NB þessi tiltekni málaflokkur fellur ekki undir gjafsóknarmál). Slíkt ósamræmi á milli dómstóla/dómara er að sjálfsögðu ólíðandi en því miður ekki einsdæmi.

Þá virðist það fara eftir dómurum hvort það borgi sig hreinlega að skila inn tímaskýrslum, sérstaklega í gjafsóknarmálum, réttargæslu og verjendastörfum þar sem tímagjaldið er kr. 10.000,- (Árið 2008 var tímagjald í gjafsóknarmálum, réttar- og verjendagæslu, kr. 11.400,- en það var síðan lækkað í kjölfar hrunsins og hefur nú verið kr. 10.000,- í fjögur ár.) Á sama tíma er verið að greiða himinháa reikninga matsmanna án athugasemda.



KRISTJÁN B. THORLACIUS HRL.

### Ríkið sjálft með mun hærra tímagjald

Stundum þegar dómur liggur fyrir í máli sem hefur unnist skyggja vonbrigðin vegna málskostnaðarakvörðunar á niðurstöðuna. Ég hef verið með mál sem vannst að öllu leyti en samt sem áður var málskostnaðarakvörðun umtalsvert lægri en málskostnaðarkrafan og fyrir lágu ítarlegar tímaskýrslur. Í slíkum tilfellum veltir maður fyrir sér hvort dómari haldi mig skálda tímaskýrsluna, hvort honum finnst ég ekki eiga skilið að fá full laun fyrir mína vinnu eða að umbjóðandinn eigi einfaldlega að borga mismuninn.

Ég tel að málskostnaðarakvarðanir séu lægri í opinberum málum og í málum þar sem algengt er að umbjóðandinn hafi þurft gjafsókn til að geta látið reyna á réttarstöðu sína, s.s. í sífamálum og málum vegna líkamstjóna. Svo má setja stórt spurningamerki við reglur dómstólaráðs um tímagjald. Á sama tíma og greitt er kr. 10.000,- eftir taxa dómstólaráðs í gjafsóknarmálum greiðir ríkissjóður töluvert hærra tímagjald fyrir lögfræðiráðgjöf þegar verið er að gæta hagsmuna ríkisins sjálfs, þ.e. skv. samningum við ríkiskaup. Ef það er

mat gjafsóknarnefndar að tilefni sé til að viðkomandi eigi að geta látið á réttindi sín reyna, hver er þá rökstuðningurinn fyrir því að hann eigi ekki rétt á almennilegri lögmannaðstöð?



# Ákvörðun málskostnaðar órjúfanlega tengd niðurstöðu máls

## Viðtal við Símon Sigvaldason

**SÍMON SIGVALDASON, HÉRAÐS-DÓMARI** við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður dómstólaráðs. Lögmanna-blaðið leitaði til hans um afstöðu og sjónarmið dómstóla til málskostnaðarákvarðana.

*Þeir lögmenn sem blaðið hefur rætt við telja sig í ýmsum tilfellum ekki fá kostnað bættan við málarekstur, stundum þannig að tímar eru aðeins dæmdir að hluta en stundum þannig að ákveðið sé að láta málskostnað falla niður þótt málið hafi alfarið unnist. Hvert er þitt mat á þessum málum almennt – til hvaða atriða er einkum borft við ákvörðun málskostnaðar?*

Álitaefni tengd málskostnaðarákvörðunum í dómsmálum eru ýmis. Í umfjöllun um þau skiptir til dæmis máli hvort um er að ræða einkamál eða sakamál. Í umfjöllun um málskostnaðarákvörðun í einkamáli er mikilvægt að fjalla um álitaefnið út frá þeirri staðreynd að málskostnaður í einkamáli tilheyrir aðila máls en ekki lögmanni hans. Við ákvörðun málskostnaðar er verið að dæma aðila máls ígildi bóta þar sem verið er að bæta kostnað sem aðilinn hefur haft af þjónustu lögmanns vegna málsins. Réttarsamband aðilans og lögmanns hans er síðan sjálfstætt samningssamband þar sem lögmaðurinn áskilur sér tiltekna þóknun fyrir starfann. Þó svo að oftast liggi frammi í dómsmáli tímaskýrsla lögmanns liggur eðli máls samkvæmt alla jafnan ekki fyrir á þeirri stundu hvernig uppgjör lögmannsins og aðilans verður á endanum háttað. Til viðbótar þessu liggja að baki málskostnaðarákvörðun í einkamáli

tiltekin áhættusjónarmið. Þannig má sá sem stundar viðskipti á ákveðnu sviði, eða hefur tiltekna atvinnustarfsemi með höndum, reikna með því að til útgjalda kunni að koma vegna atvinnuþátttökunnar sem hann fái ekki að fullu bætt. Kostnaður vegna starfa lögmanns er þar á meðal, hvort sem hann tengist ákveðnu dómsmáli eða ekki. Lög um meðferð einkamála mæla fyrir um hvernig ákvörðun málskostnaðar skuli háttað. Af 130. og 131. gr. laganna sést að ákvörðun málskostnaðar er mati háð og órjúfanlega tengd niðurstöðu um efni máls. Er dómurum veitt ákveðið svigrúm í þessum efnum, þó svo að aðalreglu skuli miða við að sá sem tapar máli í öllu verulegu skuli dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Til þessara grunnsjónarmiða er horft við ákvörðun málskostnaðar í einkamáli.

### Dómarar reyna að gæta samræmis

*Eru samræmd viðmið um málskostnaðarákvarðanir? Mætti ganga lengra í að samræma slík viðmið milli dómstóla?* Dómarar eru sjálfstæðir í málskostnaðarákvörðunum sínum með sama hætti og þeir eru sjálfstæðir þegar kemur að niðurstöðu um efnishlið dómsmáls. Að óbreyttum lögum verður sjálfstæðið varðandi málskostnaðarákvarðanir ekki frá þeim tekið. Í þessu efni, eins og öðru, hafa héraðsdómarar einkum haft að leiðarljósi á hvern veg Hæstiréttur dæmir málskostnað í einkamálum og því þeir reynt að gæta samræmis að því leyti. Á grundvelli útivistar af hálfu stefnda verður flestum einkamálum lokið með áritun á stefnu í málinu. Vegna mikils



Símon Sigvaldason.

fjölda þessara mála, sem takmarkaða ef nokkra umfjöllun fá fyrir dómi, hefur þótt til hagræðis og einföldunar að setja samræmdar viðmiðunarreglur um ákvarðaðan málskostnað þegar máli verður lokið með þessum hætti. Á þeim grundvelli hefur dómstólaráð gefið út viðmiðunarreglur um málskostnaðarákvörðun á áritaða stefnu í útivistarmáli. Eðli máls samkvæmt binda þessar reglur dómara ekki við ákvörðun málskostnaðar. Héraðsdómarar hafa fagnað útgáfu þessara viðmiðunarreglna og telja þær gagnast þeim vel í starfi. Vegna þessa gætir nokkuð góðs samræmis þegar kemur að ákvörðun málskostnaðar í útivistarmálum. Erfiðara er að svara þeirri spurningu hvort gott samræmi sé í málskostnaðarákvörðunum í öðrum tilvikum, enda verður að hafa í huga að ákvörðunin er órjúfanlega tengd ágreiningsefni viðkomandi dómsmáls.

BRYNJAR NÍELSSON HRL.



# Virðingarleysi gagnvart störfum lögmanna

STJÓRN LÖGMANNAFÉLAGSINS HEFUR barist á mörgum vígstöðvum undanfarin misseri. Í því ástandi sem hefur verið hér á landi frá bankahruni hefur reynst torsótt að koma málum áfram er varða hagsmuni lögmanna þrátt fyrir aukið samstarf við innanríkisráðuneytið og dómstólaráð.

Dómstólaráð, sem m.a. er skipað fulltrúa innanríkisráðuneytisins, hefur í skjóli hrunsins tekið ákvarðanir um að lækka stórlega þóknun lögmanna í útvistarmálum. Þóknun fyrir slík mál, þótt miklir hagsmunir séu í húfi, er nánast engin, oftast er heildarþóknun lögmanna um helmingur eða jafnvel aðeins þriðjungur af tímagjaldi lögmanna almennt. Þóknunin er það lág að það getur borgað sig fyrir skuldara að fá útvistardóm frekar en að borga kröfuna áður en til þess kemur. Skiptir þá engu máli þótt gjöld í ríkissjóð vegna meðferðar mála fyrir dómi hafi hækkað verulega, sem og rekstrarkostnaður lögmannastofa. Virðingarleysið fyrir

störfum lögmanna við innheimtu krafna fyrir dómi, og kröfueigendum sem eiga að skaðlausu rétt á úrlausn dómstóla fyrir réttmætum kröfum, er því mikið.

Í kjölfar hrunsins var einnig sett reglugerð þar sem lækkað var tímagjald verjenda í sakamálum sem var þó fyrir miklu lægra en tímagjald almennt. Það er eins og stjórnvöld líti svo á að það sé þeirra að ákveða einhliða þóknun fyrir þessi störf. Það er auðvitað fullkomlega fráleitt á sama tíma og sú lagaskylda hvílir á lögmönnum að taka að sér verjendastörf. Til að bæta gráu ofan á svart hafa dómstólar ákveðið að tímagjald í gjafsóknarmálum skuli vera það sama og þóknun verjenda í sakamálum. Það er eins og hver önnur lögleysa.

Í hugum margra er hér um hreina aðför að lögmönnum að ræða. Undir það má taka. Það er ólíðandi að þeir lögmenn sem taka að sér vörn í sakamálum, eða önnur réttargæslustörf, þurfi að sæta því að fá ekki greitt eðlilega

þóknun fyrir vinnu sína. Sama á við þá sem eru að innheimta lögmætar kröfur. Ef þóknun fyrir þessi störf verða ekki færð í eðlilegt horf innan skamms tíma kemur til álita á láta reyna á lögmæti ákvarðana dómstólaráðs um þóknun í útvistar- og gjafsóknarmálum og reglugerðar ráðherra um tímagjald í sakamálum, fyrir dómi.

Auk ýmissa tillagna um breytingu á lögmannaöldunum hefur stjórn LMFÍ beitt sér fyrir breytingu á ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki sem fjalla um að stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum og slitastjórar megi ekki sinna lögmannastörfum fyrir önnur fjármálafyrirtæki. Slíkar takmarkanir á atvinnufrelsi lögmanna standast ekki ákvæði stjórnarskrár auk þess sem þessi sérstöku hæfisskilyrði eru fullkomlega óþörf. Almenn hæfisskilyrði, sem og ákvæði siðreglna lögmanna, duga fullkomlega þegar kemur að störfum lögmanna fyrir fjármálafyrirtæki og því þarf að afnema þessar takmarkanir.



GAGNAGEYMSLAN

Við geymum  
og þjónustum  
skjölin þín!



# 100 þúsund ánægðir viðskiptavinir Nova segir allt sem þarf.

VIP fyrirtækjaþjónusta Nova | 519 1000 | vip@nova.is

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!

NOVA



# Námsferð LMFI til Istanbul haustið 2012

Istanbul, Konstantínópel, stendur á mörkum tveggja menningarheima enda skilur Bosphorus sundið, sem rennur í gegnum borgina, að Evrópu og Asíu.

Andrúmsloft 1001 nætur svifur yfir borginni sem var höfuðborg Tyrkjaveldis um aldir. Topkapi höllin, sem var aðsetur soldána, verður skoðuð en þar eru geymd höfuðdjásn Ottoman veldisins sem eiga fáa sína líka í veröldinni. Enginn ferðalangur lætur Haga Sophia, kirkjuna miklu sem hefur oft verið talin með undrum veraldar, framhjá sér fara né Bláu moskuna. Ferðalangar munu svo vafra um Grand Bazaar sem hefur starfað frá 15. öld og kryddmarkaðinn sem er með angan af öllum kryddum hins austræna heims.

Auk skoðunarferðar um borgina verður farið í fræðsluheimsóknir og dagsferð til Bursa sem var höfuðborg Ottoman veldisins hluta úr 14. öld.

Verð, nánari upplýsingar  
og skráning á heimasíðu LMFI



## Námskeið Lögmannafélags Íslands

**Stofutónleikar - Portrett af Diddú - 30. mars 2012**

Ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar, Diddú, verður sótt heim í Túnfót þar sem hún mun fara yfir tónlistarferilinn frá því hún söng með Spilverki þjóðanna í „denn“ og til dagsins í dag. Missið ekki af ógleymanlegri stund með Diddú og Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara. Vinir og vandamenn lögmannna velkomnir á viðburðinn.

**Staður:** Heimili Diddúar, Túnfæti, Mosfellsbæ.  
**Tími:** Föstudagur 30. mars 2012 kl. 19.30-21.30.  
**Verð:** Kr. 10.000,- en fyrir félagi í félagsdeild, vinir og vandamenn þeirra kr. 8.000,-

Athugið að fjöldi þátttakenda miðast við 35 manns.

**Ábyrgð fjölmiðla, mörk tjáningarfrelsis og bloggíð - 17. apríl 2012**

Fjallað verður um ný lög um fjölmiðla nr. 38/2011 og þær breytingar sem þau hafa í för með sér. Rætt verður réttindi og skyldur fjölmiðla, fjallað um hverjir geti borið ábyrgð á efni sem birtist í fjölmiðlum og í hvaða röð þeir beri ábyrgð. Því næst verður vikið að mörkum tjáningarfrelsis og annarra mannréttinda. Þá verður sérstaklega fjallað um nýmæli fjölmiðlalaga varðandi bann við hatursáróðri og þá einkum í tengslum við ákvæði almennra hegningarlaga um meiðyrði. Loks verður fjallað um svokallað meiðyrðamálflakk, þar sem meiðyrðamál eru höfðuð fyrir dómstólum, sem stefnandi telur sér hagfelldast, en slíkir dómar kveðnir upp innan EES eru fullnustuhæfir hér á landi.

**Kennarar:** Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri fjölmiðla nefndar og Hulda Árnadóttir, hdl hjá Lex.  
**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.  
**Tími:** Þriðjudagur 17. apríl 2012 kl. 16.00-19.00.  
**Verð:** Kr. 27.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 20.000,-

**Form og efni kröfugerðar í dómsmálum - 15. maí 2012**

Fjallað verður um helstu reglur sem lúta að formi og efni kröfugerðar í dómsmálum. Sérstaklega verður fjallað um hvaða vandamál koma upp við samningu kröfugerðar, hvaða atriði ber að varast og hvaða annmarkar verða til þess að málum er vísað frá.

**Kennari:** Sigurður Tómas Magnússon hrl. og prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík.  
**Staður:** Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.  
**Tími:** Þriðjudagur 15. maí 2012 kl. 16.00-19.00.  
**Verð:** Kr. 20.000,- en fyrir starfmenn félaga sem eru í félagsdeild kr. 15.000,-

**Söguganga - Húsin í bænum - 24. maí 2012**

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur mun fræða þátttakendur um húsin í gömlu Reykjavík með áherslu á þau sem lögfræðingar þjuggu í eða störfuðu. Hvar orti Tómas Guðmundsson aftan á stefnur og víxiltilkynningar í stað þess að praktisera?

**Staður:** Hópur hittist fyrir utan Landnámssýninguna Reykjavík 871+ 2, Aðalstræti 16,101 Reykjavík.  
**Tími:** Fimmtudagur 24. maí 2012 kl. 19:30-21:30.  
**Verð:** Kr. 3.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 2.500,-

Vinir og vandamenn velkomnir með en fjöldi þátttakenda takmarkast við 20.

## Námskeið Lögmannafélags Íslands

Skráning stendur yfir á heimasíðu [www.lmfi.is](http://www.lmfi.is)



**Verður haldinn föstudaginn 4. maí.  
Takið daginn frá.**

# JÓLASNAFISMÓTIÐ 2011

## Kvenþjóðin brýst fram á sjónarsviðið



Sigurvegjarar voru liðsmenn lögmansstofunnar OPUS. Efri röð f.v.: Grímur Sigurðarson, Flosi Hrafn Sigurðsson og Arnar Kormákur Friðriksson. Neðri röð f.v.: Sölvi Davíðsson, Erlendur Þór Gunnarsson og Kristján Baldursson. Á myndina vantar tvo liðsmenn sem voru farnir fyrir verðlaunaafhendingu: Oddgeir Einarsson og Borgar Þór Einarsson

HIÐ ÁRLEGA INNANHÚSKNATT-SPYRNUMÓT Lögmannafélags Íslands (hið svonefnda Jólasnafsmót) fór fram föstudaginn 25. nóvember sl.

Um Jólasnafsmótið gilda reglur sem samþykktar voru á Emil-fundi aga- og íþróttanefndar á sumardaginn fyrsta 2003. Í reglum segir m.a. að hámarksaldur liðs í heild megi ekki fara yfir 300 ár, eigi megi fagna marki með meira en einu faðmlagi per leikmann, bannað sé að gefa þung högg undir kjálkastað en klappa megi mönnum fyrir

góð tilþrif og „yngri“ leikmönnum og léttari beri að sýna „eldri“ leikmönnum og þyngri tilhlýðilega virðingu. Þá kemur fram í reglum að skilyrði sé að meirihluti leikmannahópsins, fimm í það minnsta, séu félagsmenn í LMFÍ, aðrir þurfi að hafa lokið lögfræðiprófi eða vera með BA í plöntusálfræði.

Mótið var auglýst um miðjan nóvembermánuð og var þar tekið fram að hugsanlega þyrfti að takmarka fjölda liða sökum þess tímaramma sem settur hefði verið. Fyrstu liðin sem skráðu sig

til leiks tryggðu sér því þátttökurétt. Alls óskuðu níu lið eftir því að taka þátt í mótinu en eitt lið þurfti frá að hverfa vegna umræddrar forgangsreglu. Eftirtalin átta lið öttu kappi:

1. Borgarlögmenn.
2. Félag kvenna í lögmennsku (FKL).
3. Grínarafélagið.
4. K.F. Þruman.
5. Logos.
6. Mörkin.
7. Opus.
8. Reynsla og léttleiki (R&L).

Athygli vakti að eitt þátttökuliða (FKL) var eingöngu skipað konum. Samkvæmt minni elstu manna hefur slíkt ekki gerst áður í Jólasnafsmótinu sem hefur þó verið haldið í tvö ár hið minnsta. Verður að telja það sérstakt ánægjuefni og vonandi til þess fallið að kvenþjóðin taki virkari þátt í knattspyrnumótum og öðrum íþróttaviðburðum á vegum félagsins.

Starfsmaður félagsdeildar LMFÍ, Eyrún Ingadóttir, dró í eftirfarandi riðla:

Riðill 1	Riðill 2
Borgarlögmenn	Mörkin
Grínarafélagið	Opus
FKL	Logos
R&L	K.F. Þruman

Venju samkvæmt var leikið í Framheimilinu og tveir alþjóðadómarar fengnir frá Knattspyrnusambandi Íslands til þess að dæma leikina.

Riðlakeppnin var æsileg og sýndu öll lið mikil tilþrif; tæklingar flugu og hljóp sumum mikið kapp í kinn. Að lokum fór það svo að Borgarlögmenn og Grínarafélagið komust áfram úr riðli 1, en Opus og Mörkin úr riðli 2. Í undanúrslitum



Liðin skiptust á leiftursnöggum sóknum en spiluðu jafnframt stífan varnarleik.



Prátt fyrir baráttuvilja komust liðskonur FKL ekki á verðlaunabekk að þessu sinni. Fremst á myndinni er Gunnhildur Pétursdóttir.

áttust því við Borgarlögmenn og Mörkin annars vegar og lið Grínarafélagsins og Opus hins vegar. Undanúrslitaleikirnir voru gríðarlega spennandi og greinilegt að mikið var undir. Eftir harða baráttu báru Borgarlögmenn og Opus þó nokkuð sannfærandi sigra úr býtum og öttu þar með kappi í úrslitaleiknum. Óhætt er að segja að úrslitaleikurinn hafi verið hádramatískur. Liðin skiptust á leiftursnöggum sóknum en spiluðu jafnframt stífan varnarleik. Ekkert var gefið eftir

og virtust liðin hnífjöfn að andlegum og líkamlegum burðum. Ekki kom því á óvart að jafntefli væri niðurstaðan að leiktíma loknum. Til þess að skera úr um sigurvegara mótsins þurfti því að grípa til framlengingar. Eftir hetjulega baráttu og vasklega framgöngu beggja liða var það Opus sem tókst að skora hjá Borgarlögmönnum í framlengingunni og stóð þar með uppi sem sigurvegari mótsins. Starfsmaður félagsdeildar krýndi sigurvegarana og í kjölfarið skáluðu viðstaddir í jólasnafs, venju samkvæmt!

*Knattspyrnumefndin*

Fjöldmargir ánægðir lögfræðingar eru að nýta sér þjónustu okkar, með góðum árangri.

*-í símann á meðan þú vinnur.*



Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörun fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þokkagyðja.
- Önnur þjónusta sérsniðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fax 450 5501  
heimasíða [www.simaverid.is](http://www.simaverid.is), netfang [simaverid@simaverid.is](mailto:simaverid@simaverid.is)

# Ráðagerð um skattalagabrot

## I. Um góða lögmannshætti almennt

### 1. gr. Lögmanni ber að efla rétt og hrinda órétti.

Skal lögmaður svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku.

### 2. gr. Lögmaður skal gæta heiðurs lögmannastéttarinnar, jafnt í lögmannsstörfum sínum sem öðrum athöfnum.

Úr Codex

Í MÁLI ÚRSKURÐARNEFNDAR lögmannna nr. 12/2011 taldi nefndin rétt að veita lögmanni áminningu þar sem háttsemi hans var talin stangast á við ákvæði 1. gr. og 2. gr. siðareglna lögmannna.

Málsatvik voru á þá lund að kærandi átti í hjónaskilnaðarmáli við eiginkonu sína. Var þar deilt um bæði forsjá og fjárskipti og kom hinn kærði lögmaður fram fyrir hönd eiginkonunnar fyrrverandi. Lögmenn aðila náðu samkomulagi um fjárskiptin sem fólst meðal annars í því að kærandi skyldi greiða fyrrum eiginkonu sinni 500.000 krónur vegna lögmannskostnaðar hennar. Í ljósi þess að kærandi átti erfitt með að greiða þann kostnað bauðst hinn kærði lögmaður til þess að bíða með að gefa út reikning vegna lögmannskostnaðarins í um tveggja mánaða skeið. Einnig bauðst lögmaðurinn til þess að stíla reikninginn á einkahlutafélag kæranda í því skyni að félagið gæti nýtt innskatt til frádráttar á virðisaukaskattsgreiðslum. Lögmaður kæranda kvað umbjóðanda sinn hins vegar ekki vilja að reikningurinn yrði gefinn út á einkahlutafélag hans og var það þá úr sögunni að mati lögmanns konunnar. Þegar reikningurinn var á

endanum gefinn út á kæranda þá krafðist hann þess að hann yrði felldur niður ella myndi kærandi nýta fyrri samskipti, m.a. það boð að gefa reikninginn út á einkahlutafélag, til að koma höggi á lögmanninn. Að lokum greiddi kærandi þó umræddan reikning en kom málinu um leið á framfæri við úrskurðarnefnd lögmannna. Hinn kærði lögmaður taldi hins vegar að hótanir kæranda varða við ákvæði 251. gr. almennra hegningarlaga og tilkynnti þær til lögreglu.

Í erindi sínu fyrir úrskurðarnefndinni gerði kærandi þrenns konar kröfur. Í fyrsta lagi krafðist hann þess að lögmanninum yrði umsvifalaust vikið úr Lögmannafélagi Íslands. Í öðru lagi að félagið gæfi út yfirlýsingu um vanhæfi lögmannsins og í þriðja lagi að lögmanninum yrði meinað að starfa eða kalla sig lögmann og myndi því missa réttindi sín sem slíkur. Hinn kærði lögmaður krafðist aftur á móti að málinu yrði vísað frá nefndinni en til vara að öllum kröfum kæranda yrði hafnað.

Úrskurðarnefndin taldi að með vísan til ákvæða 27. gr. lögmannalaga, þá yrði að vísa frá kröfum kæranda um að lögmanninum yrði umsvifalaust vikið úr Lögmannafélagi Íslands og þeirri kröfu að félagið gæfi út yfirlýsingu um vanhæfi hans.

Hins vegar taldi nefndin það ekki varða frávísun málsins þótt kærandi tilgreindi ekki þau ákvæði skattalaga og siðareglna lögmannna sem hann taldi hinn kærða lögmann hafa brotið. Í því sambandi vísaði nefndin til þess að stjórnvísulög geri ekki svo strangar kröfur til málshefjenda að þeir rökstyðji erindi sín með ítarlegri tilvísan til ákvæða laga og annarra reglna. Nefndin taldi einnig ljóst hvaða ákvæði siðareglna lögmannna kæmu til álita í málinu.

Úrskurðarnefndin byggði á því að fyrir lægi í gögnum málsins ráðagerð lögmannsins um að reikningur hennar, sem kæranda bar að greiða samkvæmt skilnaðarsamkomulagi, yrði stílaður á einkahlutafélag kæranda. Einnig lá fyrir að ráðagerð þessi var skýrð með því að umrætt einkahlutafélag gæti þar með ranglega nýtt innskattinn til frádráttar á sínum virðisaukaskattsgreiðslum. Nefndin taldi að lögmaðurinn hefði með þessari ráðagerð um skattalagabrot við rækslu lögmannsstarfa brotið gegn starfsskyldum sínum og rétt væri að veita henni áminningu.

*Ingi Snær Einarsson bdl.*





## Ritstjóri kveður

BORGAR ÞÓR EINARSSON HDL. HJÁ OPUS LÖGMÖNNUM HEFUR LÁTIÐ AF STÖRFUM SEM RITSTJÓRI LÖGMANNABLAÐSINS EN UNDIR HANS STJÓRN VORU GEFIN ÚT 14 TÖLUBLÖÐ. UM LEIÐ OG LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR HONUM SAMSTARFIÐ BÝÐUR ÞAÐ NÝJAN RITSTJÓRA, ÁRNA HELGASON HDL. HJÁ CATO LÖGMÖNNUM, VELKOMINN.



## Nýr starfsmaður á skrifstofu LMFÍ

Í BYRJUN FEBRÚAR HÓF ANNA LILJA HALLGRÍMSDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR STÖRF Á SKRIFSTOFU LMFÍ. ANNA LILJA ÚTSKRIFAÐIST MEÐ MEISTARAGRÁÐU ÚR LAGAEILD HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK Í JANÚAR 2012.

STARF ÖNNU LILJU ER NÝTT EN HÚN MUN SJÁ UM EFTIRLITSHLUTVERK FÉLAGSINS GAGNVART LÖGMÖNNUM, S.S. STARFSÁBYRGÐARTRYGGINGAR, UNÐANPÁGUR, FJÁRVÖRSLUREIKNINGA ÁSAMT FLEIRU. VIÐ BJÓÐUM HANA VELKOMNA TIL STARFA.



## Sena er í viðskiptum hjá okkur

**Björn Sigurðsson** og félagar hjá Senu sjá Íslendingum fyrir nýrri tónlist, kvikmyndum, tölvuleikjum og fjölbreyttri skemmtun árið um kring. Síminn stoppar ekki, hjólin snúast, ný tækifæri bjóðast og nýtt samstarf verður til. Þannig gerast hlutirnir.

**Þess vegna er Sena í viðskiptum hjá okkur.**



BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mps.is



# Af Merði lögmanni

Mörður hefur alltaf verið þeirrar skoðunar að leikræn tjáning í dómsal sé mikilvæg. Ósjaldan hefur Mörður breytt röddinni í skrákróma væl þegar hann vitnar í andstæðinginn. Jafnvel sett á sig kryppu þegar mikið liggur við með viðeigandi grettum. Hefur námið í leiklistarskóla Ævars Kvaran og danskennsla Rigmor Hansen uppúr miðri síðustu öld nýst Merði vel við málflutning. Svo lipurlega hefur Merði tekist til að dómara hafa verið bergnumdir af hrifningu og gleymt að sekta hann fyrir óvirðingu.

Ekki eru dómara þó alltaf verið hrifnir af Merði í dómsal. Mörður á það til að hrjóta þegar leiðindin eru mikil og hann ekki í aðalhlutverki. Einnig getur útlit Marðar truflað þá talsvert. En dómurum þykir það þó minniháttar mál miðað við spurningar Marðar til aðila og vitna. Mörður á það til, einkum þegar á hann hallar í málinu, að spyrja spurninga sem aðrir sjá engan tilgang með. Algengt er að Mörður spyrji út í kynlíf aðila og vitna og skiptir þá engu máli hvort um er að ræða vændiskaupamál eða gallamál. Spurningar af þessu tagi eru að sjálfsögðu nauðsynlegar við mat á trúverðugleika aðila og vitna.

Merði finnst, eins og öllum sem komnir eru yfir miðjan aldur, lítið koma til yngri lögmanna. Það vantar allan stíl og þeir eru allir eins. Ungæðislegt útlit þeirra fer í taugarnar á Merði. Og ekki minnkar pirringur Marðar þegar hann sér húðflúr á lögmönnum, appelsínugulan lit í andliti og litað hár. Jafnvel hefur Mörður orðið var við hring í augabrún og vör og karlmenn með eyrnalokka. Svo bera ungu lögmennirnir enga virðingu fyrir Merði, einhverra hluta vegna.

Augljóslega þarf að grípa hér í taumana svo lögmannsstéttin glati ekki öllu trausti. Merði finnst að leggja eigi niður allar þessar lagadeildir og stofna einn lagaskóla að nítjándu aldar fyrirmynd. Taka upp gamla siði nema klæðaburð. Tími Marðar mun þá koma aftur.

# ÞARFT ÞÚ FRAMÚRSKARANDI VEFSÍÐU?



*Traustur samstarfsaðili*

[www.outcome.is](http://www.outcome.is)

**BBN**  
BBA // LEGAL



# Kostir þess að vera í Stéttarfélagi lögfræðinga

STÉTTARFÉLAG LÖGFRÆÐINGA ER rótgróið stéttarfélag með það meginhlutverk að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og við aðrar ákvarðanir sem á einhvern hátt snerta kjör þeirra. Í dag er félagsaðild heimil þeim launþegum sem lokið hafa að lágmarki BA námi í lögfræði frá viðurkenndum háskóla en áður var félagsaðild bundin við launað starf hjá hinu opinbera. Félagsmenn eru tæplega 500 og starfa ýmist hjá ríki, sveitarfélögum eða á almennum vinnumarkaði. Enn er mikill meirihluti félagsmanna, eða hátt í 80%, ríkisstarfsmenn en hlutfall þeirra sem starfa á almennum vinnumarkaði fer stöðugt hækkandi. Í stjórn SL eru Alda Hrönn Jóhannsdóttir formaður, Helga Björk Laxdal, Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, Ingi B. Poulsen og Hannes Guðmundsson.

## Kjaramál og aðstoð við félagsmenn

Stéttarfélag lögfræðinga sinnir kjaramálum lögfræðinga auk þess sem það er aðili að Bandalagi háskólanna (BHM) og tekur þátt í starfsemi þess. Stéttarfélagið rekur sameiginlega þjónustuskrifstofu með fimm öðrum háskólafélögum þar sem nú starfa þrjár afar hæfir og öflugir starfsmenn. Starfsemi skrifstofunnar, sem ber nafnið Huggarður, er mikilvægur þáttur í rekstri félagsins, en þar fer fram dagleg þjónusta við félagsmenn.

Stéttarfélag lögfræðinga og starfsfólk

skrifstofunnar hefur áralanga reynslu í því að aðstoða félagsmenn við lausn ágreiningsmála er varða framkvæmd og túlkun kjarasamninga, meðal annars með því að leita lögfræðilegrar ráðgjafar í einstaka málum. Starfsfólk SL tekur það jafnframt að sér að vera talsmenn félagsmanna gagnvart vinnuveitanda ef óskað er eftir slíku liðsinni.

Stéttarfélagið vinnur að gerð miðlægra kjarasamninga fyrir lögfræðinga auk stofnanasamninga og fer félagið með sjálfstæðan samningsrétt að lögum. Jafnframt hefur aðstoð við félagsmenn við gerð ráðningasamninga og túlkun á þeim stórlega aukist á síðustu árum. Ef nauðsyn krefur þá tekur starfsfólk félagsins það að sér að aðstoða við útreikning á launum og innheimtu auk þess sem vel er fylgst með ástandi á vinnumarkaði og atvinnuleysi meðal lögfræðinga.

## Fræðslumál

SL hefur löngum tekið hlutverk sitt varðandi fræðslu og upplýsingamiðlun í kjaramálum mjög alvarlega og tekur öflugan þátt í fræðslustarfi BHM m.a. með því að standa fyrir ýmiskonar fræðslufunda- og námskeiðahaldi er varða starfsmannamál, kjaramál og vinnumarkaðsmál. SL hefur jafnframt látið gera reglulega kannanir á launakjörum félagsmanna.

## Önnur hagsmunamál

Umfjöllun um kosti þess fyrir lögfræðinga að tilheyra SL verður ekki lokið án þess að nefna sjóði BHM sem félagsmenn eiga

aðild að. Fyrst ber að nefna orlofssjóðinn sem býður félagsmönnum fjölbreytta og spennandi orlofskosti allan ársins hring en 89 orlofshús og íbúðir standa sjóðfélögum til boða bæði innanlands og erlendis. Bæði sjúkrasjóður og styrktarsjóður BHM veita fjárhagsaðstoð vegna ýmiskonar áfalla og forvarna auk þess sem starfsmenntunarsjóðurinn veitir félagsmönnum styrki til að sinna endur- og símenntun. Athygli er vakin á því að félagsmenn í fæðingarorlofi eiga rétt á greiðslum úr sjúkrasjóði og margir félagsmenn fá einnig greiðslur úr vísindasjóði sem er ætlað að styrkja félagsmenn vegna kaupa á fræðibókum, námskeiðum og þess háttar.

Lögfræðingar á öllum sviðum atvinnulífsins eru hvattir til þess að kynna sér kosti þess að tilheyra stéttarfélagi þar sem megináhersla er lögð á sameiginleg hagsmunamál þeirra. Mikill metnaður er lagður í að veita félagsmönnum öflugra þjónustu á þeim sviðum sem snerta kjara- og réttindamál þeirra. Jafnframt er það ótvíræður kostur að vera eitt aðildarfélag BHM sem er heildarsamtök stéttarféлага háskólanna og hefur það að markmiði m.a. að efla fagstéttarfélag háskólanna og auka veg æðri menntunnar á Íslandi. Starfsemi BHM byggir á því að menntun háskólanna sé virt sem forsenda og þróun í íslensku atvinnulífi og að hún sé metin að verðleikum til launa. Við tökum á móti ykkur á skrifstofunni að Borgartúni 6, 3ju hæð auk þess sem allar helstu upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins <http://www.bhm.is/sl>.

# Creditinfo kynnir nýtt og betra dómasafn

## Nýjungar í dómasafni Creditinfo

Í Dómasafni Creditinfo er að finna alla hæstaréttardóma frá 1920 auk þeirra dóma undirréttar sem áfrýjað var.

Í nýrri útgáfu dómasafnsins má meðal annars finna eftirfarandi:

- **Ný leitarvél** – Einföld og ítarleg leit með sjálfvirkri fallbeygingu
- **Mínir dómur** – Svæði á vefnum sem gerir notendum kleift að vista dóma inn á ákveðið svæði, flokka og skrifa við þá athugasemdir
- **Reifanir** – Um 8.000 af 20.000 dómum hafa verið reifaðir og daglega bætast við nýjar reifanir.
- **Yfirfærsla gagna** – Nú geta notendur flutt dóma yfir í Word eða vistað sem PDF skjöl

Dómasafn Creditinfo er í stöðugri þróun og mikil áhersla hefur verið lögð á að gera það laust við villur og kynna með reglulegum hætti uppfærslur og breytingar



# Trúnaðarsamband sakbornings og verjanda

**NÝLEGA VAR KVEÐINN** upp dómur í Hæstarétti í máli nr. 445/2011. Um er að ræða fíkniefnamál þar sem tveir menn, X og Y, voru ákærðir fyrir að hafa staðið að innflutningi á tæplega tveimur kílóum af kókaíni ætluðu til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi. Var X talinn hafa skipulagt innflutninginn, fengið Y til þátttöku í verknaðinum og tekið á móti fíkniefnunum á heimili sínu í Reykjavík. Háttsemi ákærðu var heimfærð undir 173. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í skýrslutöku lögreglu af ákærða Y, sem fram fór 21. janúar 2010, játaði Y þátt sinn í brotinu og bar jafnframt um þátt ákærða X. Einnig var tekin skýrsla af vitninu A hjá lögreglu, sem reyndar hafði stöðu sakbornings þegar skýrslan var tekin, sem bar um að ákærði X hafi sagt sér frá atriðum varðandi innflutninginn á fíkniefnunum, m.a. um hvað ákærði Y átti að fá fyrir að flytja efnin inn til landsins en þó kom ekkert beinlínis fram að ákærði X hefði staðið að innflutningnum. Fíkniefnin sem ákæran laut að fundust ekki við rannsókn lögreglu og var ákæran því fyrst og fremst byggð á framangreindum framburðum Y og A en ákærði X neitaði staðfastlega sök frá upphafi.

Við meðferð málsins í héraði breytti ákærði Y framburði sínum á þann veg að ákærði X hefði ekki komið nálægt innflutningnum heldur hafi hann ranglega gefið upp nafn hans til að hlífa ónefndum manni sem átt

hafi fíkniefnin. A, sem gaf skýrslu sem vitni fyrir dóminum, sagði ákærða X ekki vera þann sem sagt hafi sér frá innflutningnum heldur hafi hún frétt það frá öðrum nafngreindum manni.

Héraðsdómurinn taldi skýringar ákærða Y á breyttum framburði hans fyrir dómi, frá því sem hann bar hjá lögreglu, vera ótrúverðugar og sakfelldi báða ákærðu. Þáttur ákærða X var talinn mun veigameiri en Y þar sem X hafi skipulagt verknaðinn en Y í raun verið burðardýr sem hafi með broti sínu reynt að grynka á skuldum sínum við ákærða X. Var X dæmdur til að sæta fangelsi í tvö ár en Y var dæmdur til 18 mánaða fangelsisvistar.

Málinu var áfrýjað af hálfu X en ákærði Y undi dómi. Hæstiréttur snéri niðurstöðu héraðsdóms við og sýknaði X. Rökin voru þau að engin gögn hefðu verið færð fram fyrir dómi um sekt ákærða X þótt fallast mætti á það með héraðsdómi að skýringar Y á breyttum framburði hans fyrir dómi væru ótrúverðugar. Vísað var til 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála um að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð séu fram við meðferð máls fyrir dómi. Þar sem frásögn Y hjá lögreglu var hið eina sem tengdi ákærða X við það brot sem honum var gefið að sök var samkvæmt fyrrgreindu lagaákvæði ekki unnt að reisa sakfellingu ákærða X á þessum framburði Y einum saman. Gegn eindreginni neitun ákærða X var ekki talin komin fram full sönnun fyrir sekt hans og hann því sýknaður.

## Skýrslutaka lögreglu

Þetta er fullkomlega eðlileg niðurstaða hjá Hæstarétti og alls ekkert nýmæli að sýknað sé vegna sönnunarskorts í málum sem þessum. Það sem hefur hins vegar vakið sérstaka athygli á þessum dómi er ekki niðurstaða hans, eða sú staðreynd að Hæstiréttur snéri við dómi héraðsdóms, heldur hitt að í málinu var á meðal málsgagna trúnaðarsamtal verjanda og sakbornings sem er skýrt brot gegn 4. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008 þar sem lagt er bann við framlagningu hvers konar gagna sem hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli.

Þannig háttaði til að við skýrslutöku af Y hjá lögreglu 21. janúar 2010, óskaði Y eftir því að gert yrði hlé á skýrslutökunni svo hann gæti rætt einslega við verjanda sinn sem er skýlaus réttur hans skv. 4. mgr. 64. gr. laga nr. 88/2008. Skýrslutakan var tekin upp með hljóði og í mynd og þeir lögreglumenn sem önnuðust skýrslutökuna slökktu ekki á upptökubúnaðinum áður en þeir yfirgáfu yfirheyrsluherbergið. Lögreglan hefur upplýst að um mistök hafi verið að ræða, lögreglumennirnir hafi einfaldlega gleymt að slökkva á upptökubúnaðinum. Jafnframt hefur lögreglan sagt að búnaðurinn sé þannig gerður að ekki sé hægt að afmá upptökur af mynddiskum með yfirheyrslum. Þetta er í raun ekki ótrúverðug skýring, því telja má eðlilega varúðarráðstöfun að ekki sé hægt að breyta slíkum upptökum eftirá, þær eiga að hafa að geyma nákvæmlega

Það sem fram fer í skýrslutökunni. Það sem vekur hins vegar athygli er að þegar skýrslan var skrifuð upp frá orði til orðs, þá var ekkert getið um það að hlé hafi verið gert á yfirheyrslunni, né heldur að trúnaðarsamtal sakborningins og verjandans hafi verið tekið upp fyrir mistök. Venjan er sú að allt er skráð niður sem gert er og þess er sérstaklega getið klukkan hvað gert er hlé og klukkan hvað skýrslutöku er haldið áfram. Það var hins vegar ekki gert í þessu tilviki. Þá vekur einnig athygli að ákærandinn í málinu uppgötvaði ekki þessi mistök og gaf þá skýringu að saksóknarar láti oft nægja að lesa endurrit af yfirheyrslum og horfi ekki á mynddiska með yfirheyrslunum sjálfum. M.ö.o. að ákærendur treysti því að það sem fram kemur í skrifuðu endurriti sé rétt og endurspeglir það sem fram fer. Mynddiskurinn með trúnaðarsamtali sakborningins og verjandans var því lagt fram sem sönnunargagn í málinu, sem er eins og áður er getið, í andstöðu við 4. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008.

Í dómi héraðsdóms er sérstaklega

tekið fram að dómendur hafi hlustað og horft á mynddiskinn með þessari skýrslu Y frá 21. janúar 2010. Engu að síður var ekki gerð nein athugasemd við þessa framlagningu af hálfu héraðsdóms. Hafi dómarnir horft á allan mynddiskinn hlaut þeim að vera ljóst að um skýrt brot væri að ræða og þá hefði verið eðlilegt að geta þess í dómi héraðsdóms. Það að dómurinn vísaði til skýrslutökunnar athugasemdalaust var í Hæstarétti talið skýlaust brot gegn 4. mgr. 134. gr. laga 88/2008 og taldi Hæstiréttur þetta vítavert.

### Það sem verjanda og sakborningi fer á milli

Í umfjöllun fjölmiðla um málið hefur komið fram að sakflytjendur, þ.e. saksóknari og verjendur ákærða Y og X, séu sammála um að ekkert hafi komið fram í trúnaðarsamtali Y og verjandans sem unnt hafi verið að byggja á í málinu. Engu að síður er ljóst að í rökstuðningi sínum fyrir sakfellingu X vísar héraðsdómurinn að því að

upptökurnar staðfesti ekki það sem Y hélt fram þegar hann gaf skýringu á breyttum framburði sínum fyrir dómi, þ.e. að hann hafi verið beittur þrýstingi af hálfu lögreglu og verið þrúspurður. M.a. af þessum sökum mat dómurinn skýringu ákærða Y á breyttum framburði sínum ótrúverðugan. Sönnunarmatið er vissulega frjálst og samkvæmt íslenskum rétti er ekki óheimilt að byggja að einhverju leyti á sönnunargögnum sem aflað er með ólögætum hætti ef öðrum gögnum er jafnframt til að dreifa. Hins vegar er í 4. mgr. 134. gr. sml. lagt bann við framlagningu gagna sem hafa að geyma upplýsingar um það sem verjanda og sakborningi fer á milli. Ef það er rétt, sem ég dreg ekki í efa, að ómögulegt sé að afmá upptökur af þessum mynddiskum þá hefði ákærvald aldrei átt að leggja fram diskinn eða endurrit með því sem þar kom fram og þar með hefði héraðsdómur væntanlega eingöngu getað byggt á framburði Y fyrir dómi. Það hefði án efa leitt til sömu niðurstöðu og í Hæstarétti.

**KPMG**  
cutting through complexity

## Erlend lán

Endurútreikningur  
á erlendum lánum  
til staðfestingar  
við útreikning  
fjármálafyrirtækja

Nánari upplýsingar:  
Valur Fannar Þórssson  
í síma 545 6292  
eða í tölvupósti  
vthorsson@kpmg.is

kpmg.is

# Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,  
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

## Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalabýðandi.

Skipholti 50b 105 Reykjavík  
sími: 562-6588  
bréfsími: 562-6551  
GSM: 897-2717  
netfang: ellening@simnet.is

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÆSTARÉTTI ÍSLANDS****Eiríkur Gunnsteinsson hrl.**

Lögmannsstofa  
Eiríks Gunnsteinssonar ehf.  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 546-4040

**Eiríkur Sigurjón  
Svavarsson hrl.**

Draupnir lögmannsþjónusta  
Laugavegi 182, 2.hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 415-0150

**Gizur Bergsteinsson hrl.**

Hagldir ehf.  
Lágmúla 7. 6.hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 581-1166

**Haraldur Örn Ólafsson hrl.**

Íslandsbanki  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4593

**Helga Melkorka  
Óttarsdóttir hrl.**

LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Hjördís Halldórsdóttir hrl.**

LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Jóhann Pétursson hrl.**

Lögmannsstofa  
Vestmannaeyja ehf.  
Kirkjuvegi 23  
900 Vestmannaeyjar  
Sími: 488-1600

**Jón Egilsson hrl.**

Lögmannsstofa Jóns  
Egissonar  
Knarrarvogi 4  
104 Reykjavík  
Sími: 568-3737

**Karl Óttar Pétursson hrl.**

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 525-6323

**Ívar Pálsson hrl.**

Landslög slf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2900

**Jónas Jóhannsson hrl.**

Lagastoð  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 581-1190

**Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.**

Pacta lögmenn  
Hafnarstræti 91-95  
600 Akureyri  
Sími: 440-7901

**Soffía Guðný  
Jónsdóttir hrl.**

Embætti ríkislögmanns  
Hverfisgötu 4-6  
150 Reykjavík  
Sími: 545-8490

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÉRAÐSDÓMI****Andrés Már  
Magnússon hdl.**

Prima Lögmenn  
Glerárgötu 30, 2.hæð  
600 Akureyri  
Sími: 461-2098

**Andri Fannar  
Bergþórsson hdl.**

Embætti sérstaks saksóknara  
Skúlagötu  
101 Reykjavík  
Sími: 444-0215

**Árný Jónína  
Guðmundsdóttir hdl.**

Rökstólar ehf.  
Skeifunni 11  
108 Reykjavík  
Sími: 898-0842

**Ásgerður Þórunn  
Hannesdóttir hdl.**

Íslandsbanki hf.  
Suðurlandsbraut 7  
105 Reykjavík  
Sími: 440-2777

**Einar Tryggvason hdl.**

Ríkissaksóknari  
Hverfisgötu 6  
150 Reykjavík  
Sími: 530-1606

**Elva Dögg Ásudóttir  
Kristinsdóttir hdl.**

Valva lögfræðistofa slf.  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 527-1600

**Eleonora  
Bergþórsdóttir hdl.**

Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík  
Sími: 569-9600

**Erla Arnardóttir hdl.**

Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6109

**Erling Daði Emilsson hdl.**

Fulltingi slysa-og  
skaðabótamál ehf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 533-2050

**Eybjörg Helga  
Hauksdóttir hdl.**

Lögmannsstofa Árna  
Ármanns Árnasonar ehf.  
Túngötu 5  
101 Reykjavík  
Sími: 551-1347

**Gísli Kristbjörn  
Björnsson hdl.**

Lagarök  
Síðumúla 27  
108 Reykjavík  
Sími: 588-1177

**Gísli Örn Reynisson hdl.**

Vátryggingafélag Íslands hf.  
Ármúla 8  
108 Reykjavík  
Sími: 562-5298

**Guðmundur Egill  
Erlendsson hdl.**

Lögmannsstofa Akureyrar  
Glerárgötu 24  
600 Akureyri  
Sími: 464-5552

**Gunnhildur Erla  
Kristjánsdóttir hdl.**

Lögmannsstofa Árna  
Ármanns Árnasonar  
Túngötu 5  
101 Reykjavík  
Sími: 551-1352

**Haukur Halldórsson hdl.**

HH lögfræðisþjónusta slf.  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 571-6090

**Helga Vala Helgadóttir hdl.**

Valva lögfræðistofa  
Austurstræti 17  
101 Reykjavík  
Sími: 527-1600

**Herdís Þorgeirsdóttir  
Dr. jur., hdl.**

Vík Lögmannsstofa / VIK  
LAW  
Garðastræti 37  
101 Reykjavík  
Sími: 515-0203

**Hildur Sverrisdóttir hdl.**

365 Miðlar ehf.  
Skaftahlíð 24  
105 Reykjavík  
Sími: 512-5519

**Hildur Leifsdóttir hdl.**

Samkeppnisefirlitið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 585-0700

**Hildur Þórarinsdóttir hdl.**

Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6210

**Hlynur Ingason hdl.**

Fjármálaráðuneytið  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík  
Sími: 562-8280

**Hrafnhildur Sæberg  
Þorsteinsdóttir hdl.**

LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Ívar Bragason hdl.**

LOGOS lögmannsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Jón Stefán Hjaltalín  
Einarsson hdl.**

Lögmannsstofa  
Akureyrar ehf.  
Glerárgötu 24  
600 Akureyri  
Sími: 464-5551





# Hugleiðingar um dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 600/2011

ÞANN 15. FEBRÚAR sl. var kveðinn upp í Hæstarétti dómur í málinu nr. 600/2011. Dómurinn hefur með réttu vakið gríðarlega athygli og hlotið mikla umræðu meðal lögmannna, á vettvangi fjölmiðla, í þingsölum og víðar.

## Grundvallarforsenda að lántaki hafi staðið í skilum

Í dómi Hæstaréttar er vísað til þeirrar meginreglu kröfurettar að kröfuhafi, sem fengið hefur minna greitt en hann átti rétt til í lögskiptum aðila, eigi kröfu á hendur skuldara um það sem vangreitt er. Bent er á að frá meginreglunni séu þó undantekningar, meðal annars um að fullnaðarkvittun kröfuhafa geti að vissum skilyrðum fullnægðum valdið því að hann glati frekari kröfu.

Í mínum huga er ljóst að fordæmisgildi dómsins er takmarkað við þau tilvik þegar lántaki, með samning sem inniheldur ólögmæta gengistryggingu, hefur staðið í skilum með skuldbindingar sínar samkvæmt samningi og/eða útsendum greiðsluseðlum fjármálastofnunar og fullnaðarkvittanir liggja fyrir. Greiðslutilkynning og fyrirvaralaus móttaka kröfuhafa á greiðslu í samræmi við hana telst fullnaðarkvittun samkvæmt dómi Hæstaréttar. Með hliðsjón af þessu er ekki unnt, á tímum rafrænna

viðskiptahátta, að gera sérstaklega ríkar kröfur til forms greiðslukvittana heldur hlýtur aðaláherslan að liggja í því hvort skuldari hafi sannanlega greitt þá greiðslu sem fjármálafyrirtækið krafði hann um.

## Um þýðingu fullnaðarkvittana

Við mat á því hvort atvik væru með þeim hætti í málinu að heimilt væri að víkja frá ofangreindri meginreglu kröfurettar leit Hæstiréttur til þriggja atriða.

Í fyrsta lagi vísar rétturinn til þess að sóknaraðilar voru í góðri trú um að greiðslur þeirra fælu í sér fullar og réttar efnir af þeirra hálfu. Í öðru lagi að skuldbindingin samkvæmt umræddu skuldabréfi hafi verið til langs tíma, eða þrjátíu ára, og að fimm ár hafi verið liðin af lánstímanum þegar dómur gekk í fyrra máli sömu aðila. Þá er vísað til þess að fjárhæð viðbótarkröfu sóknaraðila hafi verið umtalsvert hlutfall af upphaflegri lánsfjárhæð. Í þriðja lagi er vísað til þess að varnaraðili sé fjármálafyrirtæki sem bauð upp á lán með ólögmætri gengistryggingu og að skilmálar þess láns sem um ræddi í málinu voru samkvæmt einhliða ákvörðun varnaraðila og stöðluðum skilmálum hans.

Varðandi fyrsta atriðið sem rétturinn

tiltekur tel ég blasa við að allir lántakar gengistryggðra lána, sem staðið hafa í skilum samkvæmt greiðslufyrirmælum fjármálastofnana, teljist vera í góðri trú um að greiðslur þeirra hafi falið í sér fullar og réttar efnir enda tóku fjármálastofnanir undantekningarlaust við greiðslum án nokkurs fyrirvara.

Varðandi þriðja atriðið sem Hæstiréttur nefnir þá er ljóst að skilmálar lánsamninga, sem innihalda ólögmæt gengistryggingarákvæði, hafa undantekningarlítið verið samdir einhliða af lánveitendum auk þess sem yfirleitt er augljós aðstöðumunur á samningsaðilum. Af þessu leiðir að skilyrðið sem rétturinn nefnir er í langflestum tilvikum uppfyllt.

Örðugra er hins vegar að meta hvaða þýðingu annað atriðið í rökstuðningi Hæstaréttar hefur varðandi fordæmisgildi dómsins. Þau atriði sem þar eru nefnd eru eðli máls samkvæmt afar mismunandi í hverju tilviki fyrir sig. Ég vil leyfa mér að halda því fram að hér sé um að ræða viðbótarröksemd sem sett er fram til stuðnings hinum skilyrðunum en efnisleg niðurstaða málsins hefði orðið sú sama þó að lánið hefði verið til skemmri tíma og fjárhæð viðbótarkröfu lántaka lægri. Þessi ályktun fær stuðning í dómaframkvæmd Hæstaréttar um gengistryggð lán en af henni má ráða að engu skiptir varðandi ólögmæti

gengisbindingar í lánsamningi hvort lán hafi verið tekið til skemmri eða lengri tíma. Þá tel ég að ekki geti skipt máli hver fjárhæð viðbótarkröfunnar kann að vera. Ef gengisbinding lánsamnings er ólögmat, og önnur skilyrði uppfyllt, eiga lántakar viðbótarkröfu á viðkomandi fjármálastofnun, enda hvergi að finna í íslenskum lögum réttarreglu sem kveður á um að krafa þurfi að ná tiltekinni lágmarksfjárhæð til að njóta réttarverndar. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort þetta reynist rétt enda tel ég líklegt, með hliðsjón af orðalagi dómsins, að fjármálafyrirtækin muni láta á það reyna fyrir dómstólum hvort dómurinn hafi fordæmisgildi fyrir t.a.m. bílalán eða önnur lán til styttri tíma.

## Dómurinn hefur víðtækt fordæmisgildi

Í rökstuðningi dómsins er ekkert sem gefur tilefni til að ætla að fordæmisgildi hans sé takmarkað við ákveðna tegund lánsamninga. Þá er heldur ekkert í dómnum sem gefur til kynna að fordæmisgildið sé bundið við einstaklinga. Mín skoðun er því sú að dómurinn eigi við um allar tegundir lánsamninga og taki jafnt til einstaklinga og lögaðila. Þessu til frekari stuðnings bendi ég í fyrsta lagi á að niðurstaða Hæstaréttar er reist á því að undantekningarregla kröfuréttar um þýðingu fullnaðarkvittana fyrir lögskipti aðila eigi við í málinu. Sú regla er ekki bundin við ákveðna tegund samninga heldur á hún við um alla lánsamninga og á jafnt við um einstaklinga og lögaðila. Í öðru lagi er hvergi í dómnum vikið að sjónarmiðum um neytendavernd þrátt

fyrir að málsástæðum þar að lútandi hafi verið teflt fram í málinu. Í þriðja lagi vísast til þess að dómur Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 hefur, í síðari dómum réttarins, verið talinn hafa fordæmisgildi varðandi vaxtaviðmiðun bæði hvað varðar einstaklinga og lögaðila. Engin ástæða er til að túlka hæstaréttardóminn í máli nr. 600/2011 með öðrum hætti.

## Hvenær taka seðlabankavextir við af samningsvöxtum?

Í opinberri umræðu í kjölfar dómsins hafa komið fram skiptar skoðanir um það við hvaða tímamark beri að miða upphafstíma álagningar seðlabankavaxta ef þau skilyrði sem fram koma í dómnum eru uppfyllt. Ekki eru tók á því í þessari stuttu grein að reifa þau ólíku sjónarmið sem fram hafa komið og af þeim sökum mun ég láta nægja að lýsa skoðun minni á málinu með hliðsjón af orðalagi dómsins.

Í dómnum er við það miðað, með vísan til reglunnar um gildi fullnaðarkvittana, að samningsvextir hafi gilt um lánsamning aðila frá lántökudegi fram til 14. febrúar 2011. Eins og áður er rakið féll á þessum degi dómur í öðru dómsmáli milli sömu aðila þar sem viðurkennt var að gengisbinding lánsamninga aðila væri ólögmat, sbr. mál Hæstaréttar nr. 604/2010. Niðurstaðan í málinu nr. 600/2011 byggist á því að við uppkvaðningu dóms í fyrra málinu hafi hinn rangi lagaskilningur aðila um lögmæti gengisbindingar samningsins ekki lengur verið fyrir hendi. Jafnframt er þá ljóst, með vísan til niðurstöðu Hæstaréttar

í máli nr. 604/2010, að frá 14. febrúar 2011 bar skuldbindingin samkvæmt lánsamningnum seðlabankavexti.

Það segir sig sjálfst að fáir eru í þeirri stöðu, sem sóknaraðilar í hæstaréttarmálinu voru, að hafa í höndum endanlega dómsniðurstöðu þar sem ólögmatí gengisviðmiðunar er staðfest. Í öllum meginþorra tilvika þarf því að fara fram mat á huglægri afstöðu aðila til ólögmatís gengisbindingar viðkomandi samnings. Að mínu mati á viðmiðið í þessum efnum að vera þegar fjármálafyrirtæki viðurkennir með bindandi hætti ólögmatí gengis-tryggingar.

Í tilviki einstaklinga átti þetta sér í flestum tilvikum stað þegar fjármálastofnanir fóru hver að annari að endurreikna lánsamninga einstaklinga í kjölfar gildistöku laga nr. 151/2010 í lok desember 2010. Síðastnefnd lög gilda hins vegar ekki um lögaðila og því hefur verið afar mismunandi hvaða meðferð lánsamningar fyrirtækja hafa fengið í bankakerfinu. Eftir dóm Hæstaréttar 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 (Motor-max) hafa fjármálastofnanir þó í auknum mæli viðurkennt ólögmatí gengisbindingar í slíkum lánsamningum. Upphafstími seðlabankavaxta í lánsamningum lögaðila, sem staðið hafa í skilum samkvæmt útsendum greiðslufyrirmælum fjármálafyrirtækis, ætti því að miðast við það þegar slík viðurkenning liggur fyrir. Ef hins vegar hvorki liggur fyrir viðurkenning fjármálafyrirtækis né staðfesting dómstóla á ólögmatí gengisbindingar lánsamnings er mögulegt að hinn „rangi lagaskilningur“ sé enn fyrir hendi.

**Litla prent**  
Stórt verk lítið mál



**prent.is**

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi  
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



# Dómar Hæstaréttar í gengis- tryggingarmálum

**NÝLEGUR DÓMUR HÆSTARÉTTAR Í gengistryggingarmálum** hefur vakið athygli og kallað fram gagnrýni á stjórnvöld. Minna hefur farið fyrir gagnrýni á dómstóla vegna dómsins en að mati undirritaðs hefur verið erfitt að fylgja leiðsögn Hæstaréttar í þessum málum. Ástæðan gæti að einhverju leyti stafað af því að dómarnir hafa ekki verið sammála um niðurstöðu þessara mála og hún þannig farið eftir því hverjir sitja í réttinum hverju sinni.

## Fyrstu gengistryggingar- dómarnir

Fyrstu dómar Hæstaréttar í gengistryggingarmálum, nr. 153/2010 og nr. 92/2010, snerust um það hvort kaupleigusamningar teldust lánsamningar eða leigusamningar og hvort þeir teldust vera skuldbinding í erlendri mynt eða íslenskum krónum, sem bundnar séu gengi erlendra gjaldmiðla.

Samkvæmt ákvæðum vaxtalaga eru það einungis innláns- og útlánssamningar sem óheimilt er að gengistryggja. Hæstiréttur taldi hins vegar að formið gæti ekki ráðið úrslitum að þessu leyti heldur yrði að byggja á því hvers eðlis þessi samningur væri í raun og veru. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að hér væri um að ræða lánsamning í skilningi vaxtalaga sem klæddur hefði verið í búning leigusamnings. Þessi niðurstaða

Hæstaréttar er ekki óumdeild. Þótt eignaleigusamningar hafi vissulega ákveðin einkenni lánsamninga eru þeir á ýmsan hátt ólíkir slíkum samningum, og hafa ekki síður einkenni leigusamninga og framvirkra kaupsamninga. Lög um fjármálafyrirtæki gera greinarmun á útlánnum, innlánnum og eignaleigusamningum. Ef löggjafinn hafði í huga að fella eignaleigusamninga undir takmarkanir vaxtalaga má spyrja hvers vegna það komi einfaldlega ekki fram í lögnum sjálfum? Vaxtalög sem fela í sér takmörkun á meginreglunni um samningsfrelsi, ber að skýra þröngt.

Við mat á því hvort um væri að ræða skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum lögðu fjármálafyrirtækin áherslu á að horft yrði til þess hvers eðlis fjármögnunin væri. Fjármálafyrirtækin voru sjálf lántakendur sem tóku lán í erlendri mynt og höfðu milligöngu um að útvega viðskiptavinum sínum, m.a. í formi kaupleigusamninga. Fjármálafyrirtækin sendu umsóknir viðskiptavina til sinna lánveitenda, fengu lán í þeirri mynt sem síðan var seld fyrir íslenskar krónur til að fjármagna viðskipti. Lögð voru fram ítarleg gögn um þessar millifærslur en Hæstiréttur taldi hins vegar að við mat á því hvort um væri að ræða lán í erlendri mynt yrði einungis horft til samnings aðila. Form samningsins var því alfarið lagt til grundvallar, ólíkt því sem gildi um mat á því hvort um lánsamning eða leigusamning væri að ræða.

## Hæstaréttardómur 471/2010

Í dómi nr. 471/2010 var deilt um hvort og þá hvaða áhrif það hefði á vexti ef gengistrygging samnings væri dæmd ógild. Niðurstaðan var sú að líta yrði með öllu framhjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð og miða vexti sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum útlánnum. Hæstiréttur vísar til þess að vaxtakjör af láninu gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess. Þá liggur fyrir að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir Libor vextir af lánnum í íslenskum krónum. Síðan segir Hæstiréttur: „Vegna þessa er óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.“

## Hæstaréttardómur nr. 155/2011

Í dómi nr. 155/2011 (Motormax) reyndi á það hvort svokölluð jafnvirðislán fælu í sér ólögmeða gengistryggingu eða ekki. Upphaflega sátu fimm manns í dómnum en málið var síðan flutt að nýju og þá var hann skipaður sjö dómurum. Meirihluti Hæstaréttar taldi að fjölmyntalán að jafnvirði tiltekinna fjárhæðar í íslenskum krónum, í tilgreindum erlendum myntum, væri lán í íslenskum krónum með ólögmeðri

gengistryggingu. Rökin fyrir þeirri niðurstöðu voru fyrst og fremst þau að lánið væri í grunninn ákveðið í íslenskum krónum en hinir erlendu gjaldmiðlar væru til viðmiðunar um höfuðstól skuldarinnar.

Minnihluti Hæstaréttar (þrír dómara) töldu hins vegar að texti lánssamningsins fæli í sér lán í erlendum gjaldmiðlum þótt fjárhæð þess hafi verið ákveðin sem jafnvirði tilgreindrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Við skýringuna var vísað til meginreglu um samningsfrelsi og þess að vilji samningsaðila hafi staðið til þess að haga skuldbindingunni með þessum hætti.

Athygli vekur að málið var upphaflega flutt fyrir fimm manna dómi og mynduðu þrír af þeim dómurum minnihlutaákvæði Hæstaréttar í endanlegum dómi. Afar fátútt er að mál séu endurflutt fyrir réttinum að nýju og fjölgað sé um dómara í millitíðinni en sú fjölgun hafði úrslitaáhrif á það að lánið var talið íslenskt lán með ógilda gengistryggingu.

## Hæstaréttardómur nr. 520/2011

Í þessu máli voru atvik frábrugðin að því leyti að hér voru fjárhæðir hinna erlendu mynta tilgreindar, enda þótt vísað væri í jafnvirði þeirra í íslenskum krónum. Í dómi Hæstaréttar er vísað til þess að fyrri dómur réttarins hafi ekki fordæmisgildi gagnvart slíkum lánsamningum og lagt fyrir héraðsdóm, sem hafði vísað málinu frá, að taka það til efnismeðferðar. Þessi afstaða Hæstaréttar er áréttuð í málum nr. 551/2011 og nr. 552/2011.

## Hæstaréttardómur 600/2011

Í dómi nr. 600/2011 reyndi á það hvort greiðsla vaxta á ólögmetu gengistryggingarláni fyrir liðna gjalddaga, sem kröfuhafi hafi móttakið án athugasemda, væri fullnaðargreiðsla, óháð því hvort hún væri lægri en endurútreikningur bréfsins á grundvelli Seðlabankavaxta gerði ráð fyrir. Niðurstaða meirihluta Hæstaréttar (fjórir dómara) var sú að við móttöku kvittunar hafi skuldari fengið í hendur viljayfirlýsingu kröfuhafa

um að greiðslu sé lokið og þar með hafði hann réttmæta ástæðu til að ætla að hann sé búinn að gera upp lánið og geti treyst því að ekki komi til frekari kröfur síðar. Því bæri að víkja frá þeirri meginreglu um að kröfuhafi eigi tilkall til viðbótargreiðslu þegar hann hefur ekki fengið fullar efndir.

Skýringar á því hvers vegna vikið er frá meginreglunni eru þær að skuldari hafi verið í góðri trú, fjárhæð viðbótarkröfu um vexti ríflega 6,5 milljónir hafi verið umtalsverð, um var að ræða langan lánstíma auk þess sem máli skipti að kröfuhafinn var fjármálafyrirtæki.

Minnihluti Hæstaréttar (þrír dómara) vísað til þess að báðum aðilum hafi verið ljóst að útreikningur á fjárhæð afborgana og vaxta var byggður á því að ákvæði skuldabréfsins um gengistryggingu höfuðstóls væru gild. Skuldarar bréfsins gætu ekki haft réttmæta ástæðu til að treysta því að vextirnir væru endanlega greiddir ef gengistryggingin, sem var forsenda fyrir útreikningi vaxtanna, ætti eftir að sæta endurskoðun. Einungis tveir dómara sem dæmdu í máli nr. 471/2010 dæmdu í þessu máli og eru báðir í minnihluta.

## Lög nr. 151/2010

Við setningu laga nr. 151/2010 ríkti veruleg óvissa um umfang lánsamninga með ólögmetri gengistryggingu. Útfærsla og orðlag þessara samninga var mjög mismunandi og hrein tilviljun gat ráðið því hvort einstaklingar sátu uppi með gild erlend lán eða lán í íslenskum krónum með ógilda gengistryggingu. Markmið laganna var að tryggja samræmda meðferð sambærilegra mála þegar neytendur ættu í hlut vegna fjármögnunar á fasteignum og bifreiðum. Fyrirsjáanlegt var að slík lagasetning gat gengið gegn 72. gr. stjórnarskrár, enda var verið að setja í lög að gild erlend lán yrðu meðhöndluð með sama hætti og íslensk lán með ógilda gengistryggingu. Af hálfu ráðuneytisins var þess freistað að fá fjármálafyrirtækin til að fallast á þessa skerðingu en því var hafnað enda vafasamt hvort stjórnendur fjármálafyrirtækjanna gætu samþykkt slíka beiðni án þess að skapa sér

bótaábyrgð gagnvart kröfuhöfum bankanna og jafnvel refsíábyrgð. Fram hefur komið að bæði ráðuneytinu og fjármálafyrirtækjum barst bréf þar sem áskilinn var réttur til bóta ef slíkar ráðstafanir yrðu samþykktar.

Í lögum var einnig gert ráð fyrir uppgjörsaðferð í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 471/2010. Í skýringum með lögum kemur fram að útreikningsaðferðin byggji á afgerandi orðlagi Hæstaréttar í málinu, um að líta verði með öllu framhjá ákvæði samningsins um vaxtahæð. Í frumvarpi með lögum var sérstaklega tekið fram að réttur manna til að láta reyna á þessa uppgjörsaðferð fyrir dómstólum væri óhaggaður, þrátt fyrir að frumvarpið yrði að lögum.

Í nýjasta gengistryggingardómnum, nr. 600/2011, er fjallað um lög nr. 151/2010 í niðurstöðu meirihluta og minnihluta. Þar kemur fram að ekki hafi verið byggt á lögum í skriflegum gögnum málsins, heldur einungis vísað til þeirra í málflutningi. Í forsendum meirihluta og minnihluta kemur fram að dómur Hæstaréttar nr. 471/2010 hafi fordæmisgildi og fallist á að skuldin beri Seðlabankavexti „allt frá upphafi [...] samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001.“ Þessi niðurstaða er nákvæmlega sú sama og gert er ráð fyrir í lögum nr. 151/2010.

Meirihluti og minnihluti Hæstaréttar voru hins vegar ekki sammála um hvaða áhrif það hafi þegar gefin hefur verið út fullnaðarkvittun vegna greiðslu vaxta fyrir liðinn tíma. Meirihlutinn telur að þá eigi kröfuhafi ekki rétt á viðbótargreiðslu, þar sem skuldari hafi verið í góðri trú og greiðslan feli í sér mikla fjárhagslega röskun. Minnihlutinn telur hins vegar að skuldari geti ekki verið í góðri trú þar sem hann hafi mátt vita að vextirnir réðust af þeirri forsendu að gengistryggingin væri gild. Bæði meiri- og minnihluti vísa til að úrlausn þessa geti ekki ráðist af lögum nr. 151/2010 þar sem þau geta ekki með afturvirkum hætti breytt reglum um efni og greiðslu skulda frá því sem gildi þegar til þeirra var stofnað og af þeim greitt. Slíkt færi í bága við 72. gr. stjórnarskrá.

## Niðurlag

Dómar Hæstaréttar í gengistryggingarmálum hafa verið misvísandi og niðurstaða að verulegu leyti ráðist af því hverjir hafa setið í dómnum hverju sinni. Hvorki stjórnvöld, fjármálafyrirtæki né aðrir hafa verið í öfundsverðu hlutverki við að reyna að fylgja leiðsögn réttarins.

Við setningu laga nr. 151/2010 var stjórnvöldum og löggjafanum a.m.k. nokkur vorkunn að líta svo á að í afdráttarlausu orðalagi Hæstaréttar í máli nr. 471/2010 fælist að óhjákvæmilegt væri að endurreikna lánið að nýju og horfa framhjá öllum greiðslum. Í dómnum er m.a. vísað til þess að „bein og órjúfanleg tengsl“ séu á milli gengistryggingar og vaxta og slík vaxtakjör „gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess.“ Auk þess sem „ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að líta verði með öllu framhjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.“ Í dómnum er ekki reynt að draga úr fordæmisgildi hans með því að setja einhverja fyrirvara við þetta orðalag.

Það voru ekki aðeins stjórnvöld og löggjafinn sem lögðu þennan skilning til grundvallar við lagasetninguna, heldur kemur hann einnig fram í niðurstöðum héraðsdómara og hjá þeim dómurum Hæstaréttar sem sátu í réttinum í málum nr. 471/2010 og nr. 600/2011. Raunar töldu tveir fastir dómáttar sig vanhæfa vegna tengsla við málsaðila, en annar dómáttarinn og maki hins, voru eða höfðu verið samstarfsmenn annars málsaðila. Tveir dómáttarar sem skipuðu meirihluta réttarins voru einnig fyrrum samstarfsmenn málsaðila en töldu sig hins vegar ekki vanhæfa.

Þegar fyrir liggur samkvæmt dómi Hæstaréttar nr. 471/2010 að grunnforsenda fyrir vaxtaákvörðun reynist ógild og sú niðurstaða er viðurkennd bæði af meirihluta og minnihluta Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 er erfitt að koma auga á, að allt að einu skapist forsendur fyrir því að víkja til hliðar meginreglum kröfuréttar um að kröfuhafi eigi rétt á að fá fullar efndir og þeirri

reglu vaxtalaga að endurreikna eigi kröfuna miðað við vexti Seðlabanka Íslands frá stofndeggi.

Þótt vissulega megi fallast á það að skuldarar geti verið í góðri trú þegar þeir greiði afborganir og vexti sem taka mið af gengistryggingu er erfitt að sjá hvernig þeir geta verið í góðri trú um að greiða sömu vexti eftir að gengistryggingin hefur verið felld niður. Ástæðan fyrir því að þeir tóku slíkt lán var að tryggja sér lægri vexti gegn því taka á sig áhættu á að gengi erlendu myntanna hækkaði. Vextir fela í sér verð á mynt. Ef viðskipti með tiltekna mynt eru ólögmat er ekki hægt að miða við vexti af myntinni. Í meirihluta- og minnihlutaákvæði Hæstaréttar í máli nr. 600/2011 er vísað til dóms Hæstaréttar nr. 471/2010 um að slíkt komi ekki til álita. Er vandséð hvernig hægt er að krefjast þess að gengistrygging, sem vextir miðast við, falli niður og vera á sama tíma í góðri trú um að það hafi ekki áhrif á vextina. Hér er ekki verið að fullyrða að það eitt og sér eigi að leiða til annarrar niðurstöðu en þeirrar að fullnaðarkvittunin haldi gildi sínu, heldur einungis því að sú niðurstaða verður ekki byggð á að skuldarinn hafi verið í góðri trú.

Þá er talsverð einföldun fólgin í þeirri röksemd meirihlutans að fjárhæð vaxta sé umtalsverð þegar litið er til upphaflegrar lánsfjárhæðar. Bæði meirihluti og minnihluti Hæstaréttar voru sammála um það að órjúfanleg tengsl væru á milli vaxta og gengistryggingar. Við mat á því hvort fjárhæðir eru umtalsverðar liggur því beint við að meta hver er fjárhæð vaxta og gengistryggingar fyrir og eftir endurútreikning. Fjárhæð vaxta og gengistryggingar eftir endurútreikning leiðir til þess að lánið lækkar um ca. 14 milljónir, sem varla felur í sér mikla röskun á hagsmunum skuldara. Þessi niðurstaða Hæstaréttar felur í sér að vextir lánsins eru lægri en ef tekið hefði verið óverðtryggt lán á þessum tíma eða verðtryggt íbúðarlán, eins og algengast var.

Þá er sérkennilegt að bera saman óverðtryggðan höfuðstól frá 2006 við vaxtagreiðslur sem eiga sér stað á tímabilinu frá 2006 – 2011. Hér á landi

hafa verðsveiflur vegna verðbólgu og hátt raunvaxtastig verið einkenni á íslensku verðlagi. Íslendingar hafa búið við verðtryggingu síðan 1979 sem var að einhverju leyti svar við óstöðugum gjaldmiðli og verðsveiflum fyrir þann tíma. Frá 1979 eru dæmi um tímabil þar sem verðtryggðar skuldbindingar, laun og annað verðlag hafa sveiflast gríðarlega. Sama má raunar segja um gengisfellingar á þessu tímabili. Eðlilegra hefði því verið að meta hvort fjárhæð vaxtanna hafi verið umtalsverð út frá raunvaxtastigi, verðþróun þ.á.m. launaþróun eða almennum lánakjörum eins og raunar vaxtalög gera ráð fyrir, en ekki nafnvirði höfuðstólsins frá 2006.

Þá er erfitt að sjá hvaða þýðingu sá rökstuðningur meirihluta Hæstaréttar hafi, að skuldbinding umrædds skuldbréfs hafi verið til langs tíma eða 30 ára. Með þessu er Hæstiréttur að gefa til kynna að lánstími geti skipt máli og önnur niðurstaða kunni að eiga við ef um er að ræða lán til skemmri tíma. Án frekari skýringa er erfitt að átta sig á þessum röksemdum. Úrlausn Hæstaréttar lýtur að fullnaðargreiðslu afborgana og vaxta á ákveðnu tímabili og það er fyrst og fremst tímallengd þess sem skiptir máli, en ekki heildarlánstími. Vaxtátímabil eru nánast undantekningalaust til skamms tíma og tímallengd þeirra yfirleitt svipuð, óháð lánstíma.

Loks er sú niðurstaða að það standi fjármálafyrirtækinu nær að bera hallann af þessu en einstaklingum, einfaldlega ákvörðun um það að dreifa þessu tjóni á aðra viðskiptavinum fjármálafyrirtækja. Sá kostnaður kann að vera verulegur og takmarka svigrúm þeirra til að koma til móts við aðra viðskiptavinum sína. Dómurinn vekur upp fjölmargar spurningar sem ekki er unnt að svara nema með frekari dómsmálum. Endanlegur kostnaður fjármálafyrirtækjanna liggur því ekki fyrir.

Niðurstaða þessara vangaveltna er sú að dómur Hæstaréttar nr. 600/2011 hljóti að teljast frekar veikt fordæmi, ekki einungis vegna þess að rétturinn klofnar í meirihluta og minnihluta, heldur ekki síður vegna þess hve rökstuðningur meirihlutans byggir á veikum grunni.

**NÝ MÁLFLUTNINGS-  
RÉTTINDI FYRIR  
HÉRAÐSDÓMI****Kristín Ninja****Guðmundsdóttir hdl.**

Íslandsbanki hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4882

**Kristján Valdimarsson hdl.**

Landsbanki Íslands hf.  
Austurstræti 16  
101 Reykjavík  
Sími: 410-3953

**Magnús Fannar****Sigurhansson hdl.**

Íslandsbanki hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Sími: 844-4881

**Magnús Jónsson hdl.**

Lögmenn Skeifunni ehf.  
Skeifunni 11  
108 Reykjavík  
Sími: 550-4507

**Ólafur Páll Vignisson hdl.**

LOGOS lögmennsbjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0307

**Ólafur Páll Ólafsson hdl.**

Landsbanki Íslands hf.  
Austurstræti 16  
155 Reykjavík  
Sími: 410-3900

**Páll Jónsson hdl.**

Nordik lögfræðibjónusta  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 522-5211

**Ragnhildur****Sophusdóttir hdl.**

Arion banki hf.  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-6123

**Sigríður****Vilhjálmisdóttir hdl.**

Lagabing sf  
Túngötu 14  
101 Reykjavík  
Sími: 511-5101

**Stefán Þór Eyjólfsson hdl.**

Pacta Lögmenn  
Kaupvangi 3a  
700 Egilsstaðir  
Sími: 440-7921

**Steinþór Arnarson hdl.**

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfoss  
Sími: 866-1113

**Steinunn Erla  
Kolbeinsdóttir hdl.**

Lögmenn Suðurlandi  
Austurvegi 3  
800 Selfoss  
Sími: 480-2900

**Teitur Már Sveinsson hdl.**

JP lögmenn  
Höfðatorgi  
105 Reykjavík  
Sími: 522-5210

**Vilhjálmur Þ.Á.  
Vilhjálmsson hdl.**

Borgarlögmenn  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 841-2277

**Þorvaldur Hrafn  
Yngvason hdl.**

Nordik Legal slf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 522-5211

**Þórarinn  
Sigurbergsson hdl.**

Vátryggingafélag Íslands  
Armúla 3  
108 Reykjavík  
Sími: 560-5165

**Þuríður Björk  
Sigurjónsdóttir hdl.**

LOGOS lögmennsbjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**NÝR VINNUSTAÐUR****Andri Freyr Stefánsson hdl.**

Landsbankinn hf.  
Austurstræti 11  
101 Reykjavík  
Sími: 410-7746

**Birgir Tjörvi Pétursson hdl.**

Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-122

**Bjarki Sigursveinsson hdl.**

Stórhöfða 27  
112 Reykjavík  
Sími 821-5644

**Dagbjört Erla Einarsdóttir  
hdl.**

Juris  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4400

**Daði Bjarnason hdl.**

Lögmenn Bankastræti  
Bankastræti 5  
101 Reykjavík  
Sími: 578-0084

**Daði Ólafsson hdl.**

Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
108 Reykjavík  
Sími: 515-7400

**Ebba Schram hdl.**

Lex ehf  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Eldjárn Árnason hdl.**

Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**Elísabet Pórey  
Þórisdóttir hdl.**

Lífeyrissjóður starfsmanna  
ríkisins  
Bankastræti 7  
101 Reykjavík  
Sími: 510-6100

**Fanney Frímansdóttir hdl.**

LEX lögmennsstofa  
Borgartúni 59  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Fróði Steingrímsson hdl.**

Lögfræðistofa Reykjavíkur  
Borgartúni 25  
108 Reykjavík  
Sími: 515-7400

**Guðbjarni Eggertsson hdl.**

GG lögmenn slf.  
Lágmúla 7, 6. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 578-8710

**Guðmundur H.  
Pétursson hdl.**

Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**Gylfi Jens Gylfason hdl.**

GG lögmenn slf.  
Lágmúla 7, 6. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 578-8710

**Hafsteinn Viðar  
Hafsteinsson hdl.**

Íslandsbanki  
Lynghálsi 4  
110 Reykjavík  
Sími: 440-4000

**Helga Hlín  
Hákonardóttir hdl.**

Tax Free Worldwide  
Holdings Ltd.  
Aðalstræti 2  
101 Reykjavík  
Sími: 662-0100

**Ingólfur Kristinn  
Magnússon hdl.**

Reykjavíkurborg  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík  
Sími: 411-4100

**Ingvi Hrafn Óskarsson hdl.**

Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**Júli Ósk Antonsdóttir hdl.**

Lögmennsstofan IRIS  
Skipagötu 9  
600 Akureyri  
Sími: 460-5731

**Margrét Kristín  
Helgadóttir hdl.**

Lögmennsstofa Akureyrar  
Glerárgötu 24, 2.hæð  
603 Akureyri  
Sími: 464-5555

**Pétur Már Jónsson hdl.**

Sector legal ehf.  
Nóatúni 17  
105 Reykjavík  
Sími: 517-1000



**Reimar Pétursson hrl.**  
Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**Reynir Logi Ólafsson hdl.**  
Verjendur/Versus lögmenn  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík  
Sími: 515-1800

**Róbert P. Skarphéðinsson hdl.**  
Kollekta ehf.  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 588-3010

**Sigurður Kári Kristjánsson hdl.**  
Lögmenn Lækjargötu  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**Tómas Þorvaldsson hdl.**  
Vík, lögmannsstofa  
Garðastræti 37  
101 Reykjavík  
Sími: 515-0200

#### ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

**Ragnar Árni Sigurðsson hdl.**  
Seðlabanki Íslands  
Kalkofnsvegi 1  
150 Reykjavík  
Sími: 569-9600

**Valgerður B. Eggertsdóttir hdl.**  
Advel lögfræðipjónusta  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 520-2050

**Egill Rúnar Stephensen hdl.**  
Tollstjóri  
Tryggvagötu 19  
101 Reykjavík  
Sími: 560-0300

**Ingibjörg Árnadóttir hdl.**  
Íslandsbanki hf.  
Kirkjusandur 2  
155 Reykjavík  
Sími: 440-4000

**Jónína Sigrún Lárusdóttir hdl.**  
Arion banki  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík  
Sími: 444-7000

**Hermann Jónasson hdl.**  
Lögfræðistofa  
Jónatansson og CO  
Suðurlandsbraut 6  
108 Reykjavík  
Sími: 611-0000

**María Magnúsdóttir hdl.**  
Lögmannsstofa Maríu  
Magnúsdóttur  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes  
Sími: 440-7904

**Gunnar Gunnarsson hrl.**  
Tx ráðgjöf ehf.  
Höfðabakka 9  
110 Reykjavík  
Sími: 567-6636

**Haukur Guðmundsson hdl.**  
Lagastoð  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 581-1170

**Rúnar Örn Olsen hdl.**  
Lögskipti ehf.  
Ármúla 18  
108 Reykjavík  
Sími: 527-3000

**Snorri Stefánsson hdl.**  
LOGOS lögmannspjónusta  
Efstaleiti 3  
105 Reykjavík  
Sími: 540-0300

**Fríðrik Þorgeir Stefánsson hdl.**  
Austurgerði 3  
108 Reykjavík  
Sími: 564-2570

#### NÝTT AÐSETUR

**Lögafli - lögmannsstofa**  
Kringlan 4-12  
103 Reykjavík  
Sími: 517-2000

**Aktis lögmannsstofa ehf.**  
Ármúla 17  
108 Reykjavík  
Sími: 820-8234

**ghp Legal ehf.**  
Lækjargötu 2  
101 Reykjavík  
Sími: 512-1220

**RG Lögmenn ehf.**  
Laugavegur 174  
128 Reykjavík  
Sími: 550-4060

**ACTA lögmannsstofa**  
Smáratorgi 3 (Turninn)  
201 Kópavogur  
Sími: 533 3200

**Apex lögfræðipjónusta**  
Lækjargötu 4  
101 Reykjavík  
Sími: 519-7519

**Lögmannsstofa Akureyrar**  
Hofsbot 4, 2. hæð  
600 Akureyri  
Sími: 464-5555

**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**  
Stígahlíð 45-47  
105 Reykjavík  
Sími: 511-6500

**Facta Lögfræðipjónusta ehf.**  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík  
Sími 571- 1270

**Fullrétti ehf.**  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 823-4000

**Logia ehf.**  
Laugavegi 182  
108 Reykjavík  
Sími: 511-1990

**Lögmannsstofa Akureyrar**  
Kaupvangsstræti 1, 2. hæð  
600 Akureyri  
Sími: 693-1883

**Lögfræðistofa, Valgeir Kristinsson hrl.**  
Bólholt 4, 2. hæð  
105 Reykjavík  
Sími: 564-2080



# Arion banki



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA  
SUDURLANDSBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)